



Heilbrigðisstarfsmaður tekur við sýni frá manni fyrir utan heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu vegna hugsanlegs COVID-19 smits. Heilbrigðisyfirvöld hafa mikinn viðbúnað vegna smithættu. Á fjórða hundrað manns eru nú í fjórtán daga sóttkví á heimilum sínum. Fólk er hvatt til að hringja í síma 1700 ef það grunar að það sé smitað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ferðaðþjónusta fær annað högg

Mikil óvissa er um áhrif kórónaveirunnar á fjölda ferðamanna í sumar. Afbókanir koma illa niður á fyrirtæki sem reiða sig á fyrirframgreiðslu yfir lágönnina. Aðgangur að fjármagni skilur milli feigs og ófeigs.

VIÐSKIPTI Afbókanir og samdráttur vegna kórónaveirunnar vofa yfir ferðaðþjónustunni sem var í þröngri stöðu fyrir. Greinin hefur orðið fyrir þungum höggum og stjórnendur furða sig á aðgerðaleyfi stjórnvalda.

„Það hefur verið dæði hjá stjórnvöldum gagnvart ferðaðþjónustu þrátt fyrir að hún sé langstærsta atvinnugrein landsins, skapi langmest af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar og veiti gríðarlegum fjölda fólks vinnu. Ferðaðþjónustan er samfélagslega mikilvæg atvinnugrein en það heyrir hvorki hósti né stuna frá stjórnvöldum þegar kreppir að,“ segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures.

Styrmir bendir á að nýtingar-

Ástandið minnir óneitanlega á hvernig þetta var eftir hryðjuverkaárásirnar kenndar við 11. september þegar við stóðum frammi fyrir algjörrí óvissu.

Hrönn Greipisdóttir, framkvæmdastjóri Eldeyjar



hlutfall fastafjármuna, einn helsti rekstrarmælikvarðinn í ferðaðþjónustu, sé ekki nema um 25 prósent hjá mörgum fyrirtækjum. „Það er alveg ljóst að ef flugfélag væri að keyra á 25 prósent nýtingarhlutfalli væri það ekki lengi í rekstri.“

„Ástandið minnir óneitanlega á hvernig þetta var eftir hryðjuverkaárásirnar kenndar við 11. september þegar við stóðum frammi fyrir algjörrí óvissu,“ segir Hrönn Greipisdóttir, framkvæmdastjóri Eldeyjar. Mörg fyrirtæki séu í þröngri lausafjárstöðu og aðgangur að fjármagni geti skilið milli feigs og ófeigs í ár. Með færri fyrirframgreiðslum vegna faraldursins verði erfiðara að fleyta sér gegnum lágönnina.

Björn Ragnarsson, framkvæmda-

stjóri Kynnisferða, bendir á að stjórnvöld hefðu getað gripið til mótvægisáðgerða eftir gjaldprot WOW, eins og að setja aukid fjármagn í markaðsstarf, lækka opinberar álögur eða veita afslætti af lendingargjöldum hjá Isavia til að hvetja til aukins flugframboðs.

„Ef viðbrögðin hefðu verið þau að setja strax meiri pening í markaðsstarf og búa til hvata fyrir flugfélög til að koma til landsins hefðum við örugglega ekki séð jafn mikinn samdrátt,“ segir Björn

Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hótel Sögu, segir að síðasta sumar hafi verið rólegt í ferðaðþjónustunni sem megi „alls ekki við slöku sumri í ár“.

– þfh / sjá Markaðinn

Aðstandendur íbúa á Hrafnistu skilningsríkir

COVID-19 Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, segist ekki hafa fengið nein mótmæli við ráðstöfunum vegna COVID-19.



Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu.

Aðstandendur íbúa á Hrafnistu eru beðnir um að halda sig frá heimilinu séu þeir lasnir eða hafi verið á svæðum þar sem COVID-19 geisar.


„Við höfum líka beint þeim tilmælum til gesta að forðast alla líkamlega snertingu eins og hægt er, handabönd, kossa og faðmlög við íbúana,“ segir Pétur. Íbúar Hrafnistu taka ástandinu einnig af mikilli stillingu. – gar / sjá síðu 4

Besta uppskeran núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN

Veður



Suðlæg átt 3-8 í dag með eljagangi á sunnanverðu landinu, en bjartviðri norðan til. Frost 0 til 7 stig. **SJÁ SÍÐU 14**

Facebook bannaði rettuna

MENNING Borgarleikhúsið hefur undanfarna mánuði staðið í ströngu með Facebook-auglýsingasíðu sína og hafa forsvarsmenn leikhússins nú ákveðið að beygja sig undir púrítanískt ægivald Zuckerbergs og félaga. Um er að ræða þekkt mynd af Bubba Morthens frá níunda áratugnum, með sigarettu í munnvikinu, sem notuð er sem plakat fyrir söngleikinn Níu líf, um ævi Bubba. Vildi Facebook ekki leyfa þessa mynd.

„Þetta var búið að vera erfitt í svölíttinu tíma, og auglýsingum hafnað, en svo kom að því að við náðum engu í gegn lengur og þá urðum við að fjarlægja rettuna,“ segir Pétur Rúnar Heimisson, markaðsstjóri leikhússins. Önnur plaköt fyrir sýninguna verða þó óbreytt.

Við ræddum þetta við Bubba og honum fannst þetta lítið mál.

Pétur Rúnar Heimisson, markaðsstjóri Borgarleikhússins

Pétur segist hafa skilning á því að Facebook noti sjálfvirkan varnarvegg til að sía burt það sem fyrirtækið telji óæskilegt, svo sem tóbaksauglýsingar. En þetta sé bagalegt fyrir listræna tjáningu og útskýringar dugi skammt því tölvan sé yfirstærkari. „Við lentum einnig í þessu með gamanleikritið Sex í sveit. Facebook hélt að við værum búlla að auglýsa kynlíf og sigarettur,“ segir hann.

Pétur segir að Borgarleikhúsið sé ekki að ýta undir tóbaksnotkun, þetta sé ikonísk mynd af Bubba eins og hann var. „Við ræddum þetta við Bubba og honum fannst þetta lítið mál. Bubbi er búinn að vera mjög skemmtilegur í öllu þessu ferli,“ segir hann. – khg

Dagur heyrnar haldinn hátíðlegur



Dagur heyrnar var haldinn hátíðlegur í gær. Hljóðstyrkur á æfingu Sinfóniunnar var mældur og hljóðfæraleikurum boðið upp á heyrnarmælingu. Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri segir áherslu lagða á forvarnir gegn heyrnarskemmdum. „Fyrir nokkrum árum var fjárfest í persónulegum eyrnatöppum fyrir hljóðfæraleikarana og við erum með heyrnarkollur fyrir þá sem eru í mesta hávaðanum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Efling og Reykjavíkurborg deila enn.

Býður Sólveigu Önnu til fundar

KJARAMÁL Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segist standa við hið svokallaða „Kastljóstilboð“ og býður Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar, til fundar. Greindi hann frá þessu á samfélagsmiðlum í gær en harmaði að skeytasendingar í fjölmiðlum væru notaðar til að leysa kjaradeilur. Tilboðið væri gert á grunni Lífskjarsamningsins. Efling hafði boðið Reykjavíkurborg frestun á verkfalli í tvo sólarhringa ef Kastljóstilboðið yrði staðfest skriflega. Svar við því barst ekki fyrir klukkan 16 í gær og því halda aðgerðir áfram. – khg

Kjör garðyrkjubónnda þykir nokkur tíðindi

Gunnar Þorgeirsson var í gær kjörinn formaður Bændasamtakanna og er fyrsti garðyrkjubóndinn til að gegna embættinu. Hann segir mikil sóknarfæri í íslenskum landbúnaði. Algjör endurnýjun varð á stjórn Bændasamtakanna.

LANDBÚNAÐUR „Auðvitað eru þetta tíðindi að garðyrkjubóndi sé orðinn formaður Bændasamtakanna. Það er nokkuð ljóst,“ segir Gunnar Þorgeirsson, sem var kjörinn formaður samtakanna á Búnaðarþingi í gær.

Gunnar hlaut 29 atkvæði í formannskjöriinu en Guðrún S. Tryggvadóttir, fráfarandi formaður, fékk 21 atkvæði.

„Ég fékk send ummæli á Facebook um að garðyrkjubændur væru nú ekki bændur,“ segir Gunnar hlæjandi en hann rekur ásamt eiginkonu sinni, Sigurdísi Eddu Jóhannsdóttur, garðyrkjustöð í Ártanga í Grimsnesi.

Gunnar segir að formannsframboð hans hafi átt sér stuttan aðdraganda.

„Hugur minn var nú ekki til þessara verka fyrir svona mánuði síðan. En í aðdraganda Búnaðarþings fékk ég ansi mörg simtöl um að gefa kost á mér. Það voru ekkert síður sauðfjårbændur og kúabændur og aðrir bændur. Ég fann fyrir allviðtækum stuðningi og ákvað að gefa kost á mér þess vegna.“

Hann bendir á að garðyrkjubændur eiga aðeins þrjá fulltrúa á Búnaðarþingi af 52. „Þannig að stuðningurinn kemur nú ansi víða frá. Undiraldan snerist svölítið um að okkur vantaði að ná vopnum okkar og tala einni röddu sem bændur.“

Ný stjórn samtakanna var einnig kjörin í gær en allir fimm stjórnarmennirnir koma nýir inn. Í fyrsta skipti eru konur í meirihluta stjórnar en þrjár konur og tveir karlar voru kjörin. Gunnar segir að kjöri sínu og nýrrar stjórnar



Búnaðarþingi lauk í Bændahöllinni í gær. Konur eru nú í fyrsta skipti í sögunni í meirihluta í stjórn Bændasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Undiraldan snerist svölítið um að okkur vantaði að ná vopnum okkar og tala einni röddu sem bændur.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna



muni væntanlega fylgja einhverjar breytingar.

Gunnar telur stöðu bænda almennt ágæta. Það hafi verið mikið afrek að landa búvörusamningi árið 2016 og endurskoðun

samninga fyrir nautgripi á síðasta ári.

„Svo held ég að það séu gríðarleg sóknarfæri í íslenskum landbúnaði almennt. Ég sé svölítið fyrir mér að við förum að efla akuryrkju til þess að fæða íslenska þjóð með kornrækt og þess háttar búskaparbreytingum,“ segir Gunnar.

Jafnframt þurfi að efla garðyrkjuna á Íslandi. „Við erum ekki að framleiða nema um 40 prósent af því sem við neytum. Það er döpur niðurstaða.“

Þá leggur Gunnar áherslu á að Bændasamtökin eigi að vera ein hagsmunasamtök fyrir alla bændur. „Það er alveg sama við hvaða bónda maður talar, við þurfum að gæta hagsmuna allra bænda.“ sighthvatur@frettabladid.is

Búningar

Okkar fókus

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Úrlausn hjá Nova!

Skildu símann eftir heima!

Hringdu, hlustaðu á tónlist og taktu á móti símtölum í Samsung snjallúrinu án þess að síminn sé nálægur. Farðu út að leika, skildu símann eftir heima og finndu þitt sanna sím-zen með netfengdu snjallúri.



Hringdu án
símans



Streymdu
tónlist



Hafðu auga
með heilsunni



Samsung Galaxy
Watch 46mm LTE

48.990 kr. stgr.

Fullt verð: ~~54.990 kr.~~

Samsung Galaxy
Watch 42mm LTE

43.990 kr. stgr.

Fullt verð: ~~49.990 kr.~~

Samsung Galaxy
Active 2 40mm

54.990 kr. stgr.

Fullt verð: ~~69.990 kr.~~
44mm ~~59.990 kr.~~ m/afsl.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Fjórir Eurovision-höfundar fengu greitt fyrir þáttökuna Fjórir höfundar fengu greitt fyrir þáttökuna í Söngvakeppni sjónvarpsins. Sami háttur var hafður á í fyrra.

2 30 manns í sóttkvi vegna einstaklingsins sem kom með flugi frá Austurríki Rúmlega 300 íslendingar eru í sóttkvi hér á landi. Þar af eru 30 manns í sóttkvi sem voru í tengslum við einstaklinginn sem kom frá Austurríki.

3 Kanadískt olíufélag birti kynferðislega skopmynd af Gretu Thunberg Tugir þúsunda krefjast þess að stjórn olíufélagsins X-site energy services segi af sér eftir að límmiðar með merki fyrirtækisins sem sýna kynferðislega skopmynd af Gretu Thunberg voru framleiddir.

4 Fjórtnán nú smitaðir af kórónaveirunni Þrjú tilfelli um smit af völdum kórónaveirunnar COVID-19 hafa nú greinst til viðbótar við þau ellefu sem áður hefur verið greint frá.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Vinabæjarbeiðni frá landinu helga

GARÐABÆR Palestínski bærinn Beit Sahour hefur sent Garðabæ vina-bæjarbeiðni að því er fram kemur í fundargerð bæjarráðs Garðabæjar frá því í gær.

Bréfið, sem var sent 19. febrúar, er undirritað af bæjarstjórnarmanninum Jihad Khair. Þar kemur fram að Beit Sahour sækist eftir auknum tengslum við bæjarfélög um heim allan. Einnig er tekið fram að bærinn sé kristinn og hafi mikið sögulegt gildi. Að lokum er borin kær kveðja frá landinu helga.

Samkvæmt fundargerðinni þakkar bæjarráð fyrir bréfið og felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

–atv

Tilfellum fjölgar hratt en enginn lagður inn á spítala

COVID-19 Staðfestum tilfellum af kórónaveirusmiti fjölgaði mikið í gær. Í hádeginu greindi Viðir Reynisson, hjá almannavörnum ríkislögreglustjóra, frá tveimur tilfellum og síðdegis var greint frá þremur til viðbótar. Samanlagt eru tilföllin því orðin 14 þegar þetta er skrifað.

Allir hinir smituðu eiga það sameiginlegt að hafa nýlega verið í útlöndum. Ellefu komu til landsins frá Verona á Ítalíu og þrjár frá München í Þýskalandi eftir dvöl í Austurríki.

» **Sýningunni Verk og vit var frestað fram á haust en hana sækja tugþúsundir.**

Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis, segir engar upplýsingar hafa borist embættinu um að þeim smituðu hafi hrakað eða að ástand nokkurs sé metið alvarlegt. Stefán Hagalín, upplýsingafulltrúi Landspítala, stað-

festir að enginn smitaðra hafi verið lagður inn á spítalann.

Smitrannsóknarteymi almannavarna, lögreglunnar og sóttvarnalæknis hefur haft samband við meira en 300 manns sem eru nú í 14 daga sóttkvi á heimilum sínum. Á blaðamannafundi í gær sagði Viðir að búast mætti við löngu ferli.

Verkalýðsfélög og Samtök atvinnulífsins greinir á um launarétt fólks í sóttkvi. Davíð Þorláksson, hjá SA, sagði í gær að aðeins þeir sem væru veikir ættu veik-

indarétt. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði hins vegar að óvinnufærni vegna sjúkdóms eða hættu væri greiðsluskyld samkvæmt kjarasamningum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði að verið væri að vinna að fjárhagslegri lausn fyrir fólk í sóttkvi.

Fyrstu fjöldsamkomunni var frestað vegna faraldursins í gær, Verk og vit sem er uppskeruhátíð bygginga- og mannvirkjageirans. 25 þúsund manns sóttu síðustu sýningu, árið 2018. –khg

Aðstandendur kyssi hvorki né knúsi heimilisfólk á Hrafnistu

Aðstandendur íbúa á Hrafnistu er beðnið að halda sig fjarri séu þeir lasnir eða hafi verið á svæðum þar sem COVID-19 geisar. Forstjóri segir þetta mæta skilningi og kveður íbúana sjálfa taka hlutunum með stóiskri ró.

COVID-19 „Við höfum ekki fengið nein mótmæli,“ segir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, þar sem gripíð hefur verið ráðstafað til að verja íbúana gegn COVID-19. Meðal annars eru gestakomur takmarkaðar.

„Flestir íbúar okkar eru aldraðir eða með undirliggjandi sjúkdóma og eru þess vegna sérstaklega hætt við að veikjast alvarlega,“ minnir Pétur á. Í fyrradag hafi verið settar sérstakar leiðbeiningar á heimasíðu Hrafnistu og þær einnig sendar til ættingja íbúanna og annarra aðstandenda.

„Við biðjum þá sem eru með kvef eða flensulík einkenni eða hafa verið að ferðast til skilgreindra áhættusvæða að gæta varúðar og virðingar og koma einfaldlega ekki í heimsókn á Hrafnistu,“ segir Pétur. Fólk hafi tekið tilmælunum vel.

„Það sýna þessu almennt allir fullan skilning þótt það sé leiðinlegt að við séum með þessu að takmarka heimsóknir til íbúanna okkar. Þær eru auðvitað stór hluti af þeirra lífi,“ segir forstjórinn.

Íbúar Hrafnistu sjálfir taka



Forstjóri Hrafnistu segir mikilvægt að nota handspritt í heimsóknum á Hrafnistu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» **Það sýna þessu allri skilning þótt það sé leiðinlegt að við séum með þessu að takmarka heimsóknir til íbúanna okkar.**

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu



ástandinu af mikilli stillingu. „Þetta er náttúrulega fólk sem hefur mikla lífsreynslu og hefur marga fjöruna sopið. Þetta er auðvitað rætt en það er ekkert ófremdarástand. Þau taka þessu bara með stóiskri ró,“ segir Pétur um andann meðal íbúa hjúkrunarheimilisins.

Talsverðar ráðstafanir eru nú einnig gerðar inni á Hrafnistuheimilunum sjálfum. „Við erum að brýna fyrir starfsfólki að fara yfir hluti eins og handþvott sem er mikilvægasta ráðið til þess að forð-

ast smit,“ segir Pétur. Allir þurfi að hafa í huga að nota handspritt þegar komið sé inn á heimilin.

„Við höfum líka beint þeim tilmælum til gesta að forðast alla líkamlega snertingu eins og hægt er, handabönd, kossa og faðmlög við íbúana. Líka að forðast að koma við snertifleti í almannarýmum, eins og handrið og hurðarhúna. Það eru komnar auglýsingar um þetta út um allt, að fólk sýni varkærni og virðingu.“

gar@frettabladid.is

Verðlaunaverkefni læknanema gæti nýst til að skipuleggja gjörgæsluna

HEILBRIGÐISMÁL Erla Liu Ting Gunnarsdóttir, læknanemi á fjórða ári í Háskóla Íslands, hefur ásamt leiðbeinendum þróað fyrsta spálikanið á Íslandi um legutíma eftir kransæðahjæveituaðgerðir.

Verkefni Erlu fékk fyrstu verðlaun á alþjóðlegu þingi hjartaskurðlækna, SSRCTS, í Noregi 8. febrúar. Að því er kemur fram í Læknaþláðinu í dag standa vonir til að hægt verði að nýta verkefnið til að skipuleggja betur starfsemi á skurðstofum og gjörgæsludeildum, hér heima og erlendis.

„Ég vona innilega að niðurstöður verkefnisins muni létta á gjörgæsludeildinni og fækka frestuðum valaðgerðum en til stendur að prófa hvernig líkanið mun nýtast í framtíðinni. Enda var eitt af markmiðum verkefnisins að nýta megi niður-

» **Ég vona innilega að niðurstöður verkefnisins muni létta á gjörgæsludeildinni.**

Erla Liu Ting Gunnarsdóttir, læknanemi



stöðurnar til þess að skipuleggja valaðgerðir betur og hámarka nýtingu gjörgæsluplássa,“ segir Erla við Fréttablaðið.

Sagt er frá því í Læknaþláðinu að hér séu gerðar 100 til 150 kransæðahjæveituaðgerðir á ári. Allir sem gangist undir opna hjartaaðgerð dvelji á gjörgæslu í að minnsta kosti eina nótt. Á Landspítalanum

séu tvær gjörgæsludeildir sem rúmi alls 22 sjúklinga. Þar af séu ellefu gjörgæsluplássar við Hringbraut þar sem opnar hjartaaðgerðir séu framkvæmdar flesta daga.

„Undanfarin tvö ár hefur ekki verið unnt að nýta nema 12 til 13 gjörgæsluplássar af 22 á Landspítala vegna skorts á hjúkrunarfræðingum, þar af sex til sjö rúm af 11 við Hringbraut,“ segir í fréttatilkynningu. „Árið 2018 var rúmlega þriðjungur allra hjartaaðgerða frestað vegna plássleysis á gjörgæslu.“ Afar mikilvægt sé að nýta plássinn vel.

„Með því að þekkja áhættuþætti lengdrar gjörgæsluvalar eftir aðgerð eins og kransæðahjæveituaðgerðir er betur hægt að skipuleggja starfsemi á skurðstofu og gjörgæsludeildum,“ segir í tilkynningu vegna greinar Erlu og félaga í Læknaþláðinu. –gar

Fermingarskraut í úrvali!

Myndaveggir, nammbarir, kortakassar, serviettur, borðrenningar, blöðrur (fyrir heljum/loft), blöðrulengjur/hringir/bogar (fyrir loft), súkkulaðiegg og kerti í þemalítum.

Einnig úrval af veggborðum (hægt að raða bókstöfunum þannig að borðinn myndi nafn fermingar barns, eða orðin „Nammbar“, „Myndaveggur“, „Kort“ eða bara hvað sem er....)

Vöruúrvalið er að finna á facebooksiðu Partýbúðarinnar.

Finndu okkur á

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



NJÓTTU **NÁTTÚRÚLEGRA**
AUGNABLIKA LÍFSINS.

NÝTT

NATURALLY GOOD
INNIHELDUR **LÍFRÆNT ALOE VERA**
FYRIR NÁTTÚRULEGAN LJÓMA



100% ENDURNÝTANLEGAR PAKKNINGAR



NÁTTÚRULEGASTA UMÖNNUNIN OKKAR



99% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI



Sara Netanyahu fagnaði úrslitunum með eiginmanni sínum. MYND/GETTY

Netanyahu lýsir yfir sigri Likud

ÍSRAEL Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra og leiðtogi Likud-flokksins, lýsti yfir sigri í þingkosningum í Ísrael sem fóru fram á mánudag. Þegar um 90 prósent atkvæða höfðu verið talin var Likud með 36 þingsæti en Bláa og hvíta bandalagið 32.

Bandalagsflokkar Likud á hægri-vængnum hlutu samtals 23 sæti svo Netanyahu og bandamenn hans eru með 59 sæti. 61 sæti þarf til að mynda meirihluta á ísraelska þinginu. Bláa og hvíta bandalagið, leitt af Benny Gantz, og hugsanlegir bandaflokkar þess á vinstrivængnum, hafa samtals 54 þingsæti.

Þjóðernisflokkurinn, sem leiddur er af fyrrverandi ráðherra Avigdor Lieberman, hlaut sjö þingmenn í kosningunum og getur því myndað meirihluta með bæði vinstri- og hægri-vængnum.

Kosningarnar eru þær þriðju í Ísrael á innan við ári en erfiðlega hefur gengið að mynda meirihluta-stjórn. Miðað við úrslit kosninganna gerir fjöldi fólks ráð fyrir því að þær fjórðu muni eiga sér stað innan skamms. – bdj

Fagna tillögum um jafnara aðgengi að framhaldsskólum

Velferðarvaktin samþykkti í gær tillögur til þess að jafna aðgengi að námi í framhaldsskólum og bæta þjónustu við nemendur. Formaður Velferðarvaktarinnar segir vilja til þess að fara sömu leið og hin norrænu ríkin. Samtök íslenskra framhaldsskólanema fagna tillögunum sem séu þó löngu tímabærar.

MENNTUN „Við tökum vel á móti þessum tillögum og fögnum þeim. Félagið hefur í raun unnið að öllum þessum sviðum sem tillögurnar ná til,“ segir Sara Þöll Finnbogadóttir, starfandi framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra framhaldsskólanema, um tillögur sem Velferðarvaktin samþykkti í gær.

Tillögurnar miða að því að jafna aðgengi að námi og bæta þjónustu við framhaldsskólanema svo sporna megi við brotthvarfi.

Velferðarvaktin setur fram fjórar megintillögur. Í fyrsta lagi er lagt til að aðgengi nemenda að geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf verði bætt. Í öðru lagi að stefnt verði að lækkingu námsgagnakostnaðar í skrefum og í þriðja lagi að komið verði betur til móts við aukakostnað nemenda sem búa fjarri skóla. Síðasta tillagan snýr að bættri þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku.

„Velferðarvaktin leggur áherslu á þessi mál. Markmiðið er að tryggja jafnt aðgengi að námi óháð efnahag og öðrum aðstæðum,“ segir Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar.

Vilji sé til þess að fara sömu leið



Tillögum Velferðarvaktarinnar er ætlað að stuðla að jafnara aðgengi að námi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

og hin norrænu ríkin sem tryggi aðgengi fyrir alla óháð tekjum.

„Framhaldsskólalögin gera ráð fyrir að hægt sé að lækka námsgagnakostnað nemenda. Samkvæmt útreikningum Velferðar-

vaktarinnar gæti sá kostnaður verið um 160 milljónir króna á ári miðað við tilgreindar forsendur,“ segir Siv.

Sara Þöll segir að tillögurnar séu löngu tímabærar. „Félagið telur að fjárhagur nemenda og fjölskyldna

þeirra eigi alls ekki að koma í veg fyrir að fólk sækir sér menntun. Við teljum allavega að þetta sé fyrsta skrefið í að gera menntakerfið aðgengilegt öllum.“

sighvatur@frettabladid.is

Ísey SKYR.

Náttúrulegur styrkur

Forkosningar eftir í fjölda stórra ríkja

Þótt stærsti kjördagur forkosninga í Bandaríkjunum sé liðinn á enn eftir að kjósa í risaríkjum eins og Flórída, New York, Michigan og Pennsylvaníu. Í flestum stóru ríkjunum sem eftir eru lagði Clinton Sanders í forkosningunum 2016. Landsþingið fer fram í júlí.

BANDARÍKIN Þeir fimm frambjóðendur sem eftir eru í kjöri til að hljóta útnefningu Demókrata fyrir forsetakosningar sem fram fara í Bandaríkjunum í nóvember voru á ferð og flugi um þau fjórtán ríki þar sem forkosningar fóru fram í gær. Fréttablaðið var farið í prentun áður en úrslit lágu fyrir en spennan vestanhafs í gær beindist helst að þeim tveimur frambjóðendum sem fremstir eru í kapphlaupinu; Bernie Sanders, öldungadeildarþingmanni í Vermont, og varaforsetanum fyrrverandi Joe Biden.

Sanders hefur lagt gríðarlega áherslu á að ná árangri í stærsta ríki landsins og því sem gefur flesta kjörmenn; Kaliforníu. Með stórsigri í ríkinu verður erfitt fyrir aðra frambjóðendur að ná forskoti hans, en til að fá einhverja af 415 kjörmönnum ríkisins þarf frambjóðandi að fá að lágmarki 15 prósent atkvæða.

Yfirburðir Sanders í kjördæminu hafa verið töluverðir um nokkurra vikna skeið en með brottfarfi Amy Klobuchar og Petes Buttigieg úr kosningabaráttunni fyrr í vikunni og stuðningi þeirra við framboð Bidens hljóp mikil óvissa í gengi Sanders og fylgi við Biden fór aftur að rísa í skóðanakönnunum eftir niðurtúr á undanföllum vikum.

Þótt augu flestra hafi beinst að turnunum tveimur hafa breytingar á frambjóðendahópnum líka hleypt lífi í kosningabaráttu þing-



Þingkonan Amy Klobuchar hélt ræðu á kosningafundi Joes Biden í Dallas í gær og lýsti yfir stuðningi sínum við framboð hans eftir að hafa lagt árar í bát sjálf. Það sama gerði borgarstjórinn ungi Pete Buttigieg. MYND/GETTY

konunnar Elizabeth Warren og margir urðu til að spá henni góðu gengi í kosningunum í gær. Stjórn-málaskýrendur hafa að sama skapi spáð milljarðamæringnum Michael Bloomberg árangri undir væntingum en hann hefur varið gríðarlegum fjárhæðum í auglýsingar í ríkjunum þar sem kosið var í gær.

Þótt niðurstaða þessa fyrsta ofurþriðjudags kunni að reynast mikill

örlagavaldur um framhaldið á enn eftir að kjósa í stórum ríkjum. Kosið verður í sex ríkjum eftir viku, þar á meðal í Michigan þar sem 125 kjörmenn eru til skiptanna. Sanders sigraði Clinton í forkosningum árið 2016 en Clinton fór hins vegar með sigur af hólmi í öllum stærstu ríkjum þriðja stóra þriðjudagsins þegar gengið var til atkvæða í Arizona, Flórída, Illinois og Ohio.

Kosið verður í þessum ríkjum 17. mars. Samanlagt gefa þessi ríki alls 577 kjörmenn, flesta í Flórída eða 219. Biden hefur mikið forskot á aðra frambjóðendur í því fylki og mælist með fylgi í kringum 40 prósent.

Þann 28. apríl verður einnig kosið í stórum ríkjum, þeirra á meðal eru Maryland, New York og Pennsylvanía sem hafa samanlagt 556

566

samanlagðir kjörmenn eru í ríkjunum Maryland, New York og Pennsylvaníu. Þar verður kosið 28. apríl.

kjörmenn. Clinton sigraði Sanders í öllum þessum ríkjum árið 2016. Til að hljóta útnefningu Demókrataflokksins á landsþinginu í Milwaukee í júlí þarf frambjóðandi að hafa tryggt sér að lágmarki 1.991 kjörmann.

Þótt gagnlegt geti verið að skoða gengi Sanders í síðustu forkosningum þarf að hafa í huga aðrar breytur sem geta haft áhrif á niðurstöður forkosninganna nú. Annars vegar fjölda frambjóðenda en mun fleiri eru í kjöri núna en árið 2016 og hins vegar ólíkar forsendur kjósenda fyrir vali sínu á frambjóðanda. Útgönguspár á þeim stöðum sem forval hefur þegar farið fram sýna að mikill meirihluti kjósenda velur frambjóðanda sem hann telur líklegt að muni geta sigrað Donald Trump í stað þess að velja frambjóðanda á grundvelli þeirra stefnumála sem hann stendur fyrir. Þessi hegðun kjósenda kann líka að skekkja samanburð við síðustu forkosningar. adalheidur@frettabladid.is



Biðin langa



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Gera má ráð fyrir tilfinningabrunum ræðum á Alþingi síðdegis í dag, í sérstakri umræðu um jafnt vægi atkvæða. Fátt snertir viðkvæma strengi í hjörtum íslensks stjórnmalafólks eins og kjördæmamál og er óhætt að mæla með því að landsmenn mylji úr vasaklútum sínum og hafi þá uppi við síðdegis.

Ísland hefur búið við lýðræðishalla jafnlengi og fyrirkomulag íslenskrar stjórnskipunar hefur verið skráð. Fyrst máttu höfðingjar og stórbændur af réttu kyni einir kjósa, en um svipaðar mundir og lýðræðisbylting varð í heiminum með auknum rétti kvenna og alþýðu fyrir þetta nýfrelsaða fólk að leita í þéttbýlið á vit drauma sinna. Og við tók ný tegund lýðræðisundirokunar.

Eins og mörg stærstu pólitísku deilumál í stjórnmalasögu landsins þokast samtals þjóðarinnar um þetta lýðræðismál sjaldan upp úr skurði sínum. Umræða um viðfangsefni sem rekja má beint til ójöfnuðar kjördæmakerfisins einkennist jafnan af tillitsleysi, fordómum, dylgjum á báða bóga og skeytingarleysi um staðreyndir. Gripið er til ódýrustu vopna og því jafnvel haldið fram að verðmætasköpun landsins verði helst á útnárasvæðum, sem í sama orði eru skilgreind sérstaklega sem brothættar byggðir vegna örbirgðar. Vinsælust eru þó tilfinningarökkin, sem ætlað er að reka okkur í hinum lýðræðisundirokaða meirihluta í baklás af skómm yfir skeytingarleysi okkar um þær hættur og hörmungar sem fólkið á landsbyggðinni býr við á degi hverjum.

Fátt afhjúpar betur skotgrafir umræðunnar en börn, þá sjaldan þau fá að tjá sig. „Mér finnst bara svo undarlegt að við byggjum hús og bæi á svona stöðum þar sem þarf svona varnir í staðinn fyrir að búa bara á stöðum þar sem er minni hættu,“ sagði stúlkan unga sem bjargaðist úr snjóflóði á Flateyri í byrjun árs. Samstundis tók þjóðin höndum saman um að láta eins þessi orð hennar hefðu aldrei verið sögð. Ekki frekar en orð barnsins sem benti á beran bossa keisarans.

Óréttlætið er innbyggt með slíkum hætti í stjórnskipun landsins að ekkert getur unnið á því nema tíminn. Þegar kjördæmaskipan var breytt árið 1999 þurfti fjórfalt fleiri kjósendur á Reykjanesi en á Vestfjörðum til að koma manni á þing. Með breytingum á stjórnskrá var ákveðið að hámarks lýðræðismismunur milli íbúa landsins skyldi vera tvöfalt atkvæðavægi. Þetta þokast.

Vonandi ber þingheimur gæfu til að verja þeim hálf tíma sem viðfangsefninu er skammtaður í dag til lausnamiðaðs samtals um hina hliðina á peningnum; valdeflingu í nærsamfélögum og sjálfbærni sveitarfélaga. Það er í þágu okkar allra að valdefla nærsamfélagið á hverjum stað. Náist árangur í því lofum við að hemja gremjuna í heimsóknum á æskustöðvarnar, þar sem ksilverksmiðja spyr nú reyk yfir falletasta sólarlag á jörðinni. Í staðinn ættu þingmenn landsbyggðarinnar að láta ofgnótt þingsæta sinna duga og sleppa takinu af borgarskipulagi Reykjavíkur. Það tekur því ekki að tala um hitt óréttlætið. Við biðum það bara af okkur.

Því er jafnvel haldið fram að verðmætasköpun landsins verði helst á útnárasvæðum, sem í sama orði eru skilgreind sérstaklega sem brothættar byggðir vegna örbirgðar.

Halldór



Frá degi til dags

Stöndum þétt saman
Í gær og fyrradag stóð yfir Búnaðarþing í Bændahöllinni í Reykjavík. Þar voru fjölmörg atriði á dagskrá eins og vant er enda margt sem þarf að ræða á þingum sem þessum. Eitt vakti þó sérstaka athygli og það var ekki meðal dagskrárliða. Það var yfirskrift þingsins: „Stöndum þétt saman.“ Ekki er alveg víst að það sé takti við tíðarandann á þessum síðustu tímum Covid-19. Hins vegar sést þegar betur er að gáð að verið er að hvetja til samstöðu í óeiginlegum skilningi enda eru salarkynni Bændahallarinnar rúmgóð og auðvelt að halda hæfilegri fjarlægð milli þingfulltrúa.

Fórni mikla
Kórónaveiran hafði töluverð áhrif á fund borgarstjórnar í gær. Við bættist dagskrárliður þar sem borgarfulltrúar ræddu veiruna og áhrif hennar. Sjálfstæðismenn lögðu til að umræða sem þeir höfðu óskað eftir um dótturfélög borgarinnar yrði tekin af dagskrá svo hægt væri að einbeita sér að veirunni. Það var samþykkt og sömu örlög hlaut umræða um ferðamálastefnu borgarinnar. Þetta þýddi að fundi lauk fyrir klukkan sex sem er óvenju snemmt. Almannaþing og aðrir viðbragðsaðilar hljóta að þakka borgarfulltrúum sérstaklega þeirra óeigingiarna framlag til málnanna.

Samskipti Íslands og Póllands styrkt



Lilja
Alfreðsdóttir
mennta- og
menningar-
málaráðherra

Ísland og Pólland hafa bundist sterkum böndum á undanförunum áratugum. Tæplega 21 þúsund Pólverjar búa á Íslandi og hafa verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Þeir hafa auðgað íslenska menningu, sinnt mikilvægum störfum í hagkerfinu og almennt komið sér vel fyrir í nýju landi.

Á hverju ári fæðast pólskum foreldrum um 600 börn á Íslandi. Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög tryggja að þau njóti sömu þjónustu og tækifæra og börn íslenskra foreldra, ekki síst í menntakerfinu. Nú eru um 3.000 pólskumælandi börn í íslenskum skólum, sem eru misvel búnir til að mæta þörfum þeirra. Það á líka við um börn með önnur móðurmál og dæmi eru um að í einum og sama skólanum séu tölud yfir 30 tungumál. Skýrsla starfshóps, sem settur var á fót í byrjun síðasta árs, um úrbætur og aðgerðir til að styðja við þennan hóp er á lokametrunum. Hvernig við mætum þessum nýju Íslendingum í skólum landsins getur skipt sköpum, ekki einungis fyrir einstaklingana sjálfa heldur einnig fyrir samfélagið í heild.

Málefni og menntun pólskra skólabarna á Íslandi hefur verið til umræðu í opinberri heimsókn Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, til Póllands í vikunni. Þjóðirnar hafa unnið vel saman og í gær rituðu íslensk og pólsk menntamálayfirvöld undir samstarfsyfirlýsingu um að efla enn frekar samstarf landanna á sviði menntunar. Lögð verður áhersla á að nemendur af pólskum uppruna hafi aðgang að menntun á mótumáli sínu, hvatt er til aukins samstarfs menntastofnana og samskipta umgenna, kennara og skólastarfsfólks.

Góð móðurmálsþekking er forsenda þess að barn nái góðum tókum á öðru tungumáli. Góð íslenskukunnátta tryggir börnum af erlendum uppruna betri tækifæri en ella, eykur þekkingu þeirra á samfélaginu, félagsfærni og hjálpar börnum að blómstra. Það er markmið okkar allra, að börnin okkar verði hamingjusöm og njóti jafna tækifæra í lífinu, hver sem bakgrunnur þeirra kann að vera. Það á að vera eitt af einkennum Íslands.

Góð móðurmálsþekking er forsenda þess að barn nái góðum tókum á öðru tungumáli.

SÓLARFILMUR!

Lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Brúum gjána



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Störf án staðsetningar

Við hjá Símanum höfum um langt skeið ítrekað bent á í umsögnum til Alþingis, aðsendum greinum í fjölmiðlum og víðar, að ríkið þarf að beita sér fyrir hagkvæmari nýtingu fjármagns markaðsaðila og opinberra aðila við uppbyggingu fjarskiptainnviða, ekki sist með hagsmuni landsbyggðarinnar að sjónarmiði. Sú áhersla á einnig við um öryggi og uppítíma fjarskipta, en þar hefur reynt verulega á undanfarið.

Tilkoma nýrrar tækni, svo sem fimmtu kynslóðar farsíma (5G), getur dýpkað enn frekar þá gjá sem hefur myndast milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar vegna mismunar á aðgengi að ljósleiðara.

Sveitarfélögin eru mjög meðvítuð um þessa hættu. Þannig hafa Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til dæmis nýlega kallað eftir því að stjórnvöld taki á þessari stöðu „til að bæta búsetuskilyrði í þéttbýli á landsbyggðinni og auka möguleika á atvinnuuppbyggingu og störfum án staðsetningar í samræmi við byggðaaætlun“.

Höggvum á hnúttinn

Stjórnvöld hafa tekið vel í nýlega viðleitni þriggja einkarekinna þjónustuaðila í fjarskiptum. Sýnar, Nova og Símans, til að skoða í sameiningu ýmis innviðamál fjarskipta og mögulegt framtíðarsamstarf á því sviði, neytendum til hagsbóta. Slíkt samtal er rétt að hefjast og alls óvíst hver niðurstaðan verður.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að þótt vel muni ganga í að sameina grunnkrafta, eiga þessi þrjú fyrirtæki enga möguleika á að vinda ofan af öllum muninum á suðvesturhorninu og öðrum hlutum landsins.

Híð opinbera hefur sjálft fjárfest fyrir tugi milljarða í fjarskiptum, sérstaklega á suðvesturhorninu, og heldur því á stærstu spilunum. Stærsta einstaka skrefið sem Alþingi og ríkisstjórn gætu stigið væri að ný Evrópulöggjöf um fjarskipti, sem leida á í íslensk lög á næstu mánuðum, væri nýtt til fulls í þágu landsbyggðarinnar og framtíðar uppbyggingar. Grunninnviðir í opinberri eigu verði þannig opnadrir til samnýtingar og beinnar óvirkrar leigu, þannig að ekki þurfi að tvíþjárfesta meira hér syðra heldur beina kröftum þangað sem þeirra er þörf. Ein ljósleiðaraheimtaug inn í hvert hús dugar til allra háhraðaflutninga um fyrirsjáanlega framtíð.

Samkeppnin um hylli neytenda liggur í þjónustuframboðinu og nýsköpun í tæknihlutanum en ekki í greftri strengja, sem liggja dauðir í rörum þar til kveikt er á þeim.

Í heimi tækni og fjarskipta ríkir ekki kyrrstaða. Nýsköpunin er hröd og tækniframfarirnar miklar. Samfélög sem eru ekki á tánum dragast aftur úr. Hér á Íslandi búum við vel og tæknilegir innviðir okkar eru með því besta sem þekkist.

En kerfin sem við höldum úti, í stóra landinu okkar við heimskautsbaug, eru ekki án veikleika. Rafmagnsleysið fyrir jól og í kjölfarið afleitt sambandsleysi dögum saman sýndi það glögg. Þess utan stöndum við á þröskuldi umfangsmikilla uppfærslna á tækniinnviðum. Nýting bæði ljósleiðara og farsímakerfa mun breytast, aukast og breikka, fólki til hagsbóta.

Til að mynda munu framfarir í heilbrigðislausnum, menntatækni og öryggisþjónustu fyrirsjáanlega auka lífsgæði fólks um allt land. Slík þróun verður markviss og fúlaus einungis ef stjórnvöld taka höndum saman með einkafyrirtækjum. Þannig má einfalda uppbyggingu nýrra fjarskiptakerfa og tryggja sanngjarna dreifingu um landið. Umfang þessa verkefnis til næsta áratugar er slíkt, að ekkert eitt fyrirtæki mun ráða við það.

Óleyst í áratug

Grundvöllur komandi framfara er að sem víðast um land verði aðgengi að ljósleiðara, grunnnetinu fyrir háhraða gagnaflytningu sem internet hlutanna og nýjar kynslóðir farsímaneta hvíla á. Á höfuðborgarsvæðinu hefur náðst sá góði árangur að nánast öll heimili og fyrirtæki eru tengd ljósleiðara. Standa víða til bóða tvær ljósleiðaratengingar, önnur frá Gagnaveitu Reykjavíkur og hin frá Mílu.

Staðan er allt önnur á þéttbýlissvæðum úti á landi. Í fjölmörgum bæjum og þorpum er enn ekki í sjónmáli að ljósleiðari verði lagður heim í hús.

Alþingi samþykkti á síðasta ári þingsályktunartillögu um stefnu í fjarskiptum 2019-2033, þar sem segir m.a.: „Endamarkið í þráðbundnum netaðgangi á landsvísi verður að öllum líkindum ljósleiðarasamband. Þar er þó óleyst ljósleiðaravæðing þéttbýlisstaða utan suðvesturhornins, Eyjafjarðarsvæðisins og fæinna annarra þéttbýlisstaða.“

Nánast samhljóða texta var að finna í þeirri stefnu sem var samþykkt árið 2014, þannig að þetta vandamál hefur lengi legið óleyst.

Valdaójafnvægi á milli kynjanna



António Guterres
aðalframskvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna



Mannkynið þarf að takast á við vanda sem karlar hafa skapað.

Kynbundið misrétti er mesta öréttlæti okkar tíma og stærsta mannréttindamál sem við glímum við. En jafnrétti kynjanna býður líka upp á lausnir á sumum af torlestustu vandamálum samtímans.

Hvarvetna eru konur verr settar en karlar, einfaldlega af því að þær eru konur. Enn syrtir í álinn ef þær eru úr minnihlutahópi, eru aldradar, fatlaðar eða í hópi farand- eða flóttafólks.

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar framfarir í réttindamálum kvenna, hvort heldur sem er við afnám mismununar úr lögum eða fjölgun kvenna á skólabekk, en nú stöndum við andspænis öflugum andróðri. Lagaleg vernd gegn nauðgun og heimilisofbeldi hefur verið útvötnuð í sumum ríkjum. Annars staðar verða konur fyrir barðinu á stefnumótun þar sem hallar á þær; allt frá niðurskurði til þvingaðra barneigna.

Sótt er að kynferðis- og frjósémisréttindum kvenna úr öllum áttum.

Allt á þetta rætur að rekja til þess að jafnrétti kynjanna snýst fyrst og fremst um vald. Aldagömul mismunun og djúpstætt fedravelði hafa skapað breitt bil á milli kynjanna í efnahagslífinu, stjórnmálakerfinu og fyrirtækjunum. Dæmin eru hvarvetna.

Konum er meinað að sitja í öndvegi hvort heldur sem er í ríkisstjórn eða fyrirtækjastjórn eða við útdeilingu eftirsótttra verðlauna. Kvenkynsleiðtogar og opinberar persónur sæta ofsóknum, hótunum og svívirðingum í netheiminum sem annars staðar. Launabil kynjanna er aðeins birtingarform valdaójafnvægis.

Tölræði sem ákvarðanir byggja á

frá borgarskipulagi til lyfjaprófa er oftast talin hlutlaus. Þegar grannt er skoðað byggir hún oft á því að karlar séu regla og konur frávik.

Konur og stúlkur verða oft að sætta sig við aldagamla kvenfyrirlitningu og að afrek þeirra séu hunsuð. Hæðst er að konum og þær sagðar láta stjórnast af móðursýki eða hormónaflóði og þurfa að sæta endalausum uppspuna og bannhelgi vegna náttúrulegrar líkamstarfsemi. Þær eru oft og tíðum dæmdar út frá útliti og liða fyrir hversdagslega karlrembu og hrútskýringar.

Allt þetta hefur áhrif á okkur öll og er þrándur í götu þess að finna lausnir á mörgum helstu vandamálum og vanda sem við er að glíma.

Tökum öjöfnuð sem dæmi. Konur hafa 77 ára í tekjur fyrir hverja krónu sem karlar þéna. Síðasta rannsókn Alheims efnahagsvettvangsins (World Economic Forum) bendir til að það taki 257 ár að brúa þetta bil. Enn vinna konur og stúlkur í heiminum 12 milljón milljónir ógreiddra vinnustunda á heimilum á degi hverjum. Þessa sjást hvergi merki í efnahagslegum ákvörðunum. Ef við viljum stefna að réttlátari hnattvæðingu í þágu allra ber okkur að miða stefnumótun okkar á tölræði sem tekur tillit til raunverulegs framlags kvenna.

Stafræn tækni er annað dæmi. Það er áhyggjuefni hve mikið ójafnvægi á milli kynjanna ríkir í háskólum, sprotafyrirtækjum og kísildölum þessa heims. Þessi tæknisetur móta samfélög og hagkerfi framtíðarinnar og það er ólíðandi að þar skjóti drottun karla enn dýpri rötum.

Litum á styrjaldir sem skaða

heiminn. Það er bein lína á milli ofbeldis gegn konum, kúgun borgara og átaka. Framkoma hvers samfélags við þann helming sem tilheyrir kvenkyninu er ávisun á hvernig farið er með alla aðra þegna. Jafnvel í fríðsömum samfélögum eru konur í lífshættu á sínum eigin heimilum.

Það er líka kynjamunur í viðbrögðum okkar við loftslagsvánni. Í markaðssetningu vara sem miða að endurnýtingu og neysluminnkun er höfðað til kvenna, en karlar eru líklegri til að treysta á öreynrar tæknilausnir. Og konur í hópi hagfræðinga og þingmanna eru líklegri en karlar til að styðja umhverfisvæna stefnumótun.

Loks er hlutur kvenna í stjórnmálum skýrt dæmi um valdaójafnvægið. Karlar eru að meðaltali þrisvar sinnum fleiri en konur á þjóðþingum heimsins en þar sem þær eru fjölmennar fylgir oft nýsköpun og fjárfestingar í heilbrigðis- og menntamálum. Það er engin tilviljun að það eru ríkisstjórnir undir forystu kvenna sem endurmeta árangur í efnahagsmálum með því að taka tillit til velferðar og sjálfbærni.

Þetta eru ástæður þess að eitt af forgangsmálum mínum hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið að auka hlut kvenna í forystunni. Við höfum náð kynjajafnvægi í æstu stjórn, tveimur árum á undan áætlun og höfum samið vegvísi til að ná jafnstöðu á öllum sviðum á næstu árum.

Við lifum á viðsjárverðum tímum. Jafnrétti kynjanna er þýðingarmikill hluti af lausn mála. Mannkynið þarf að takast á við vanda sem karlar hafa skapað. Jafnrétti kynjanna er leið til að endurskilgreina og umbreyta valdi í allra þágu.

Tuttugasta og fyrsta öldin verður að vera öld jafnréttis kvenna í friðarviðræðum og viðskiptasamningum, í stjórnarherbergjum og kennslustofum, á vettvangi 20 helstu iðnríkja heims og hjá Sameinuðu þjóðunum.

Tími er kominn til að hætt sé að reyna að breyta konum og breyta þess í stað kerfum sem hindra þær í að njóta að fullu hæfileika sinna.



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.



Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

info@handafl.is | handafl.is

Hornsófi Chicago

2 horn 3, hægt að panta sem tungusófa, U sófa eða bara eins og hentar.



Komið og skoðið úrvalið



Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Málaðu meira fy



Málningarlimband frá kr.
295



Deka Projekt 02,
Loftmálning 2,7 lítrar
2.290

ÓDÝRSTA MÁLNINGIN OKKAR
VERÐ **549,-**
LÍTERINN m/v 10 lítra



Deka Projekt 05,
2,7 lítrar (stofn A)
2.490



Deka Projekt 10,
2,7 lítrar (stofn A)
2.990



Áltrappa 3 þrep - verð frá
4.490

Áltrappa 4 þrep 5.440
5 þrep 7.290
6 þrep 7.690



Deka Gólfmálning
grágræn 3 ltr.
4.690



Sköfur frá kr.
245



Spartlspáðar
frá kr.
695



Spartlspáðar
sett kr.
325



Einnota málningargallar frá kr.
695



Málningargrind
og rúlla frá kr.
575



Kittgrindur
frá kr.
790



Málningarpenslar
frá kr.
95



Bostik spartl 250 ml
590



Sandpappír
frá kr.
125
örkin



Slípklossar
frá kr.
395



Framlengingar-
sköft
frá kr.
595



Bostik málningarkitti
390



Yfirbreiðslur Fleece
frá kr.
540

Málningarbakkar
frá kr.
195



**Mikið úrval
málningarverkfæra**

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		



Þú gerir miklu minna!

Hjá Múrbúðinni færðu

litríka gæðamálningu!



Colorex sænsk gæðamálning síðan 1955

Góð málning þekur vel og er auðvelt að vinna. Þess vegna selur Múrbúðin eingöngu sænska gæðamálningu frá Colorex. Málningin frá Colorex þekur framúrskarandi vel, enda er hún þróuð til að mæta ströngustu kröfum Norðurlandabúa.

Hugsum um umhverfið og málum með málningu frá Colorex

Málningin frá Colorex er einstaklega umhverfisvæn. Hún er bæði með Svansvottun þ.e. Nordic Swan Eco label og EU Eco label. Þessar vottanir fá einungis vörur sem uppfylla ströngustu umhverfisstaðla. Vottunin tekur til allra umhverfisáhrifa vörunnar allt frá því að hráefni eru unnin og þar til vörnunni er fargað eða hún endurunin.

Skönnum drauma litinn þinn!

Ertu búin að finna draumalitinn? Við getum blandað alla liti. Þú kemur bara með draumalitinn og við skönnum hann með litgreiningarskannanum okkar. Við getum skannað liti af litaprufum og úr blöðum svo eitthvað sé nefnt.

Málningarverkfæri, stigar og tröppur

Með réttu verkfærunum verða verkin auðveldari. Þú færð öll málningarverkfæri hjá Múrbúðinni. Eingöngu gæðamerki á góðu verði. Við bjóðum líka mikið úrval af stigum og tröppum, sem nauðsynlegt er að eiga þegar maður málar.

Bostik spartl, þéttifrauð og kíttri – Leiðandi í yfir 125 ár

Bostik er leiðandi framleiðandi á spartli, þéttifrauði og kíttri. Múrbúðin býður breiða línu að vörum frá Bostik á frábæru verði. Bostik vörunnar sem Múrbúðin selur koma frá Svíþjóð og Þýskalandi.



Murexin – Austurísk gæðaefni á góðu verði

Murexin framleiðir endingargóð þéttiefni, fúgur og flísalím. Rakapéttikvoðan frá Murexin „dúkur í dós“, er löngu búin að sanna sig á Íslandi. Gerðu gæða- og verðsamanburð. Múrbúðin býður að minnsta kosti jafngóðar vörur, bara miklu ódýrari.



20%
AFSLÁTTUR

20% afsláttur af málningu

Málaðu meira fyrir miklu, miklu minna!

Málning hjá Múrbúðinni er **30-60%** ódýrari en sambærileg málning hjá öðrum, svo þú getur málað meira fyrir minna. Ef þú kemur með þessa auglýsingu í Múrbúðina færð þú **20% afslátt af allri málningu** og þá geturðu málað meira fyrir miklu, miklu minna!

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Stórbjóðir í Laugardalinn

FÓTBOLTI Ísland fékk svo sannarlega spennandi en á sama tíma erfiðan riðil þegar dregið var í Þjóðadeild UEFA í gær og í ljós kom að England, Belgar og Danir væru í riðli Íslands. Efst lið riðilsins kemst áfram í úrslitakeppnina en neðsta liðið fellur niður í B-deildina og fara leikirnir fram í haust.

Nágrannar okkar í Danmörku komu fyrstir í riðil Íslands og fáum við tvö tækifæri til að vinna danska landsliðið í fyrsta sinn í haust.

Næstir komu Belgar sem voru einnig með Íslandi í riðli í Þjóðadeildinni fyrir tveimur árum. Líkt og Danir hafa Belgar aldrei tapað gegn Íslendingum og unnið alla ellefu leikina til þessa.

Rúsinan í pylsuendanum var þegar Englendingar komu upp úr pottinum og urðu síðasta liðið í riðli Íslands. Það verður í annað sinn sem enska landsliðið heimsækir Ísland og fyrsta viðureign liðanna síðan Ísland sendi Englendinga heim af Evrópumótinu 2016. – kpt



Elin hefur verið á skotskónum í síðustu leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hefja leik gegn Norður-Írum

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið leikur sinn fyrsta leik í tæpa fimm mánuði í dag þegar Stelpurnar okkar mæta Norður-Írlandi í æfingamóti á Spáni. Þetta er fyrsti leikur kvennalandsliðsins á þessu fjögurra liða æfingamóti sem er hluti af undirbúningi Íslands fyrir næstu leiki í undankeppni EM 2021.

Þetta verður í fimmta sinn sem Ísland mætir Norður-Írum en í fyrsta sinn sem liðin mætast í æfingaleikjum. Liðin voru saman í riðli í tveimur undankeppnum í röð, fyrir HM 2011 og EM 2013 og mættust því árlega í fjögur ár. Í leikjunum fjórum til þessa hefur Ísland skorað sjö mörk og haldið hreinu í öllum leikjunum.

Alls eru fimm leikmenn í liðinu sem gætu fengið fyrstu mínútur sínar með kvennalandsliðinu, markmennirnir Cecilia Rán Rúnarsdóttir og Ingibjörg Valgeirsdóttir og útileikmennirnir Berglind Rós Agústsdóttir, Hildur Antonsdóttir og Natasha Anasi. – kpt



Á stjórnarfundum HSÍ fór formaður sambandsins yfir nýafstaðið mót í Svíþjóð. Mikil ánægja var með ferðina og allt utanumhald. MYND/GETTY

HSÍ vill bæta í andlega þáttinn

Formaður HSÍ, Guðmundur B. Ólafsson, vill skoða leiðir til að styrkja líkamlegt atgervi leikmanna og sálfræðiþáttinn. Mikið er til af rannsóknum um handboltafólk hér á landi og ekki eftir neinu að biða.

HANDBOLTI Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, fór yfir Evrópumótið í handbolta á síðasta stjórnarfundum sambandsins. Hann endaði pistil sinn á því að skoða þyrfti leiðir til að styrkja líkamlegt atgervi leikmanna og sálfræðiþáttinn. Guðmundur var að stíga um borð í flugvél til Frakklands þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum í gær.

„Við erum með viðmið þegar kemur að því að byggja upp okkar landslið. Þá er farið í næringarþáttinn, líkamlegan styrk og svo andlega þáttinn. Þetta er í stefnunni okkar og við viljum byggja upp andlegan styrk hjá íþróttafólkinu okkar. Við erum að horfa til þess að bæta í þennan þátt og ég lít á þetta sem hlut af því að gera góðan íþróttamann enn betri,“ sagði Guðmundur sem var kallaður út í vél og þurfti að kveðja.

Dr. Hafrún Kristjánsdóttir, sál-

fræðingur og dósent og deildarforseti íþróttafraeðideildar HR, segir að við HSÍ þar sem líkamlegt atgervi sé mælt hjá yngri landsliðum og A-landsliði kvenna. A-landslið karla

Dr. Hafrún Kristjánsdóttir



hefur ekki verið mælt í tvö ár. „Það er með því markmiði að finna hvar skörinn kreppir og ýta leikmönnum svo áfram. Það eru til mælingar eitt-hvað aftur í timann þar sem hægt er að bera okkur saman við aðrar þjóðir.“

Í BA-ritgerð Sigrúnar Mariu Jörundsdóttur frá 2017 sem fjallaði um þunglyndis- og kvíðaeinkenni meðal íþróttafólks með áherslu á handboltaíðkendar kom fram að 56,4 prósent sýndu einhver einkenni kvíða og að 58,2 prósent sýndu einhver einkenni þunglyndis. Viðhorf þeirra sem stunda handbolta til sálfræðiþjónustu voru jákvæð en þó höfðu aðeins 5,7 prósent leitað sálfræðihjálp til að ná bata eftir meiðslum. Tæplega 81 prósent leikmanna myndi nýta sér sálfræðiþjónustu ef hún væri í boði innan þeirra félagsliða. Könnun Sigrúnar náði til 254 leikmanna úr 38 liðum.

58,2%
sýndu einhver einkenni þunglyndis.

Hafrún, sem var fyrsti höfundur að vísindagrein þar sem skoðuð var sálræn færni, andlegur styrkur og keppniskvíði allra íslenskra landsliða Íslands í handbolta, segir að hér á landi sé búið að kortleggja þessa þætti. „Fáar þjóðir hafa jafnmiklar upplýsingar um þessa þætti og við. Við höfum því sterk gögn um hvar sálrænir styrkleikar og veikleikar liggja. Það er hægt að nota þau gögn til að skipuleggja hvað skal gera. Það er ekki eftir neinu að biða.“ benediktboas@frettabladid.is

Hitapylsan kemur til landsins í dag

FÓTBOLTI Hitapylsan margfræga kemur til landsins í dag. Pylsan var sett í gám fyrir um viku og hefur Godafoss barist yfir hafid með pylsuna sem verður tollafgreidd áður en verkfall BSRB skellur á.

Kristinn V. Jóhannsson, valla-stjóri Laugardalsvallar, segir að kuldatíð sé í kortunum og því sé mikilvægt að fá pylsuna á völlinn sem fyrst svo Laugardalsvöllur geti skartað sínu fegursta þegar Ísland leikur umspilsleikinn mikilvæga gegn Rúmenum eftir 22 daga.

„Hitapylsan er mjög mikilvæg núna. Mér fannst reyndar ekki vera mikill vindur í spánni sem er gott.



Aðalmarkmiðið með hitapylsunni er að ná bleytu úr vellinum og minnka rakastig, losna við allt frost í jarðveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það verður hausverkur að taka snjóinn af vellinum næstu daga þannig að dýrmætum tíma sé ekki eytt með því að láta pylsuna bræða snjóinn. Fari bara beint í að þíða völlinn.“

Pylsan kemur frá fyrirtækinu Sports & Stadia Services og er dúkurinn leigður en mörg NFL-lið hafa keypt sér sams konar dúk og verður notaður hér – meðal annars Green Bay Packers. Fjórir Bretar eru með í för og vakta að allt fari rétt fram. Dúkurinn er þróaðri útgáfa af þeim sem notaður var til að koma Laugardalsvelli í gott lag fyrir umspilsleikinn gegn Króatíu 2013. „Dúkurinn er stærri en fyrri

útgáfa þannig að hann liggur nær vellinum. Vindurinn komst svolítið undir hann síðast. Hann á að ná vel yfir keppnishlutann og svo er aukahitari undir. Heita loftið kemur úr pylsunni sjálfri og svo er færanlegur hitablasari á milli til að kynda meira.

Hitinn kemur frá gasi þannig að slökkviliðið þurfti að koma og votta að hér væri allt í góðu. Pylsan er hífð upp með rafmagni en hún er hituð með gasi,“ segir Kristinn.

Leigukostnaður vegna hitapylsunnar í þrjár vikur er um 15 milljónir og er áætlað að rafmagn og gas kosti um 10 milljónir króna. – bb



MIDVIKUDAGUR 4. MARS 2020

Heimili



Hulda Jónsdóttir vissi alltaf að hún vildi vinna við eitthvað skapandi. Arkitektúr varð fyrir valinu og sér hún ekki eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mjög krefjandi en samt draumastarfið

Hulda Jónsdóttir er sjálfstætt starfandi arkitekt. Hún er nýflutt heim eftir tólf ára búsetu erlendis þar sem hún lærði arkitektúr og vann við fagið. Hulda sér ekki eftir að hafa valið þetta nám en hún féll fyrir því á fyrstu önn. ➔2

Góður svefn er mikilvægur!

HVERNIG SVAFAST ÞÚ?





Lágur gluggi gefur fallega birtu inn í eldhúsið.



Horngluggi í húsinu í Mosfellsbænum rammar vel inn náttúruna fyrir utan.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Hulda flutti til Íslands í ágúst í fyrra eftir að hafa búið í Frakklandi, Spáni og Kaupmannahöfn. Hún fór í BA-nám í Frakklandi og tók svo tvær mastersgráður í faginu, eina á Spáni og aðra í Kaupmannahöfn.

„Ég vissi alltaf að ég vildi vera í skapandi starfi, en ég var ekkert endilega viss um að ég myndi enda sem arkitekt. Ég var mikið að skoða fatahönnun og grafíska hönnun og alls konar. En ég leiddist út í arkitektúr til að byrja með því mér fannst það praktískt. En svo þegar ég byrjaði í náminu þá kolféll ég fyrir því. Það heillaði mig hvað arkitektúr getur haft

Maður verður að hafa ástríðu fyrir þessu og finnst þetta skemmtilegt ef maður ætlar að vinna við þetta.

mikil áhrif á líf fólks og hvað hann er mikið í kringum okkur og í öllu sem við gerum á heimili okkar, á vinnustaðnum og í umhverfinu,“ útskýrir Hulda.

„Ég útskrifaðist úr náminu í Kaupmannahöfn árið 2015 en flutti bara heim til Íslands síðasta haust og ákvað þá að láta á það reyna að vera sjálfstætt starfandi. Þegar ég vann í Kaupmannahöfn vann ég í alls kyns stórum verkefnum, skólum, íþróttahúsum og fjölbýlishúsum, en ég vann meðal



Hulda teiknaði nýlega þetta einbýlishús í Úlfarsárdal en það er enn í byggingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Hér sést hvernig birtan frá gluggunum í Úlfarsárdalnum lýsir fallega upp borðstofuna.



Þetta einbýlishús í Mosfellsbæ fellur vel að náttúrunni.



BERRY ALLOC
Harðparket
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

ALFABORG
- allt á gólfð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

annars um tíma hjá BIG arkitektum í Kaupmannahöfn. En eftir að ég fór að vinna sjálfstætt hef ég aðallega verið að teikna einbýlishús,“ útskýrir Hulda.

Hún var nýlega í viðtali við franska innanhússtilistann Caroline Cheron, en hún er með hlaðvarp um innanhússhönnun á síðunni Bonjour.is. Þar sagði Hulda að hún hefði fengið símtal frá vinum á Íslandi sem spurðu hana hvort hún vildi hanna húsið þeirra. Þetta var á meðan hún bjó í Kaupmannahöfn og var í fæðingarorlofi. Hulda segir að það verkefni hafi verið eins konar stökkpallur fyrir hana í að fara að vinna sjálfstætt. Hún hafi lært helling á því og fengið aukið sjálfstraust í faginu.

Vill ekki troða sínum stíl að
„Mér finnst þetta mjög skemmtilegt starf. Þetta er draumastarfið mitt en það er mjög krefjandi. Ég gæti trúað að það sé á margan hátt

vanmetið. Það eru margir sem gera sér ekki grein fyrir vinnunni sem liggur bak við hverja teikningu. Maður verður að hafa ástríðu fyrir þessu og finnst þetta skemmtilegt ef maður ætlar að vinna við þetta,“ segir hún.

Hulda segir að sér finnst skemmtilegast að teikna heimili og skóla. „Ég teiknaði tvo skóla þegar ég vann í Kaupmannahöfn. Ég á börn sjálf svo ég fann tengingu þar. Ég held mér finnst skemmtilegast að teikna eitthvað sem ég tengi við sjálf. Það sem tengist börnum og daglegu lífi, eins og skólar og heimili fólks gera. Staði þar sem maður getur ímyndað sér að fólk sé að fara að vera í sínu daglega lífi.“

Hulda segir mikiðvægt þegar teiknað er fyrir fólk að hlusta á hugmyndir þess. „Það eru þau sem koma til með að búa í húsinu en ekki ég. En ég kem samt alltaf með ólíkar tillögur líka svo fólk sjái fleiri möguleika. Þegar hús

eru teiknuð er mikiðvægt að hugsa um birtuna. Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir því hvar sólin kemur upp og hvar hún mun lýsa og skína innanhúss. Það er gott að reyna að sjá það fyrir sér og passa líka að gluggarnir séu í þeirri hæð að þeir ramma inn náttúruna og landslagið.“

Hulda hannaði nýlega hús í Úlfarsárdal sem er enn í byggingu en hún segir að það hafi verið gott samstarf milli hennar og eigandans. „Það er sambland af hans hugmyndum og hugmyndum frá mér sem hann hefur samþykkt. Kúnninn kemur alltaf með loka-svarið. Ég er ekki að reyna að troða mínum stíl upp á neinn svo húsin sem ég hanna eru oft ólík. Ég aðlaga húsin að landinu í kring með tilliti til stíl kúnnans. Mér finnst það mjög mikiðvægt.“

Hulda er með vefsíðuna hulda-jons.com fyrir þá sem hafa áhuga á að skoða verkin hennar.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. mars 2020

9. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAGHeuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		

Veðköll ýtt undir lækkanir

Bankar gera veðköll á skuldsetta einkafjárfesta samhliða verðlækkunum í Kauphöllinni. Selja í Marel til að reiða fram tryggingar.

2

Sérfræðingar segja ekki slakað á mikilvægustu reglunum

Samkeppnislög verða ekki veikari hér en í samanburðarríkjum ef frumvarp nær fram að ganga.

4

Lofa aðgerðum vegna kórónaveirunnar

Fjármálaráðherrar sjö stærstu iðnríkja heims heita aðgerðum til þess að örva heimshagkerfið.

8

Peningasendingar frá hálaunalandinu

Peningasendingar einstaklinga frá Íslandi hafa 9-faldast á áratug og námu 33 milljörðum í fyrra.

16

Lyfjarisar leita til Controlant

Kórónaveiran hefur aukið vitund um mikilvægi rauntímavöktunar á lyfjum. Hafa gengið frá 1.250 milljóna króna fjármögnun.

18

Stormur í aðsigi

Kórónaveiran veldur mikilli óvissu í ferðaþjónustu á Íslandi sem var í þröngri stöðu fyrir. Afbókanir og samdráttur vofa yfir greininni. Stjórnendur furða sig á aðgerðaleysi stjórnvalda eftir itrekuð áföll. **10**

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma 511 5800

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Olíusjóðurinn keypti í Marel fyrir 1,2 milljarða

Norski olíusjóðurinn, sem er stærsti fjárfestingarsjóður í ríkiseigu í heiminum, fjárfesti í hlutabréfum í Marel fyrir ríflega 1,2 milljarða króna á síðasta ári. Þetta má lesa út úr yfirliti yfir allar fjárfestingar sjóðsins sem birt var samhliða útgáfu ársskýrslu hans í síðustu viku.

Olíusjóðurinn keypti á árinu 0,26 prósent hlut í Marel, langsamlega stærsta fyrirtækinu í Kauphöllinni, með markaðsvirði upp á um 420 milljarða króna, og var hluturinn metinn á 89,8 milljónir norskra króna, jafnvirði liðlega 1,2 milljarða króna, í bókum sjóðsins í lok síðasta árs.

Þess má þó geta að markaðsvirði félagsins og þar með eignarhlutar norska sjóðsins hefur lækkað um ellefu prósent frá áramótum.

Fjölmargir erlendir fjárfestingarsjóðir bættust sem kunnugt er í hluthafahóp Marel í hlutfjárútböði sem félagið efndi til síðasta vor samhliða skráningu í kauphöllina í Amsterdam. Sjóðirnir, þar á meðal sjóðir á vegum Capital Group, Teleios Capital, Baron, Blackrock, Investec, Vanguard og Janus Henderson, hafa margir hverjir bætt við hlut sinn í félaginu á undanförunum mánuðum.

Fjárfestingar norska olíusjóðsins í íslenskum ríkisskuldabréfum og skulda- og hlutabréfum íslenskra félaga námu samanlagt tæplega 18,1 milljarði króna í lok síðasta árs og jukust um rúm þrjátíu pró-

18

milljarðar króna var heildarfjárfesting norska olíusjóðsins á Íslandi í lok 2019.

sent frá fyrra ári þegar þær voru um 13,7 milljarðar króna.

Það skýrist einkum af kaupum sjóðsins í Marel og íslenskum ríkisskuldabréfum en eign hans í síðarnefnda eignaflokknum jókst um nær helming á árinu. Átti olíusjóðurinn íslensk ríkisskuldabréf að virði alls 727 milljónir norskra króna, jafnvirði um 9,9 milljarða króna, í árslok 2019.

Auk þess átti norski olíusjóðurinn í lok síðasta árs 0,14 prósent hlut í Arion banka að virði 215 milljónir króna, skuldabréf í Landsvirkjun upp á 6,6 milljarða króna og kröfur á hendur eignarhaldsfélagunum Kaupþingi og LBI, sem halda utan um eignir Kaupþings banka og gamla Landsbankans, fyrir samanlagt ríflega 90 milljónir króna.

Vöxtur olíusjóðsins, sem er til húsa á sama stað og Seðlabanki Noregs í miðborg Óslóar, hefur verið ævintýrlegur frá stofnun hans árið 1990 og áætla Financial Times að hlutabréfaeign sjóðsins samsvari því að hann eigi að meðaltali um 1,4 prósent hlut í hverju einasta skráða fyrirtæki í heiminum.

– kij



Yngve Slyngstad.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Veðköll á fjárfesta ýtt undir meiri lækkanir

Skuldsettir einkafjárfestar fá á sig veðköll frá bönkum eftir að markaðurinn tók dýfu. Selt í Marel til að innleysa gengishagnað og reiða fram frekari tryggingar. Lífeyrissjóðir hafa verið hikandi við að kaupa þrátt fyrir miklar lækkanir.

Talsvert hefur verið um að fjármálastofnanir hafi gert veðköll í hlutabréfum skuldsettra einkafjárfesta eftir að hlutabréfamarkaðurinn tók dýfu í byrjun síðustu viku vegna áhyggna af hraðri útbreiðslu kórónaveirunnar á heimsvísu og hvaða áhrif það kunni að hafa á íslenskt efnahagslíf.

Samkvæmt viðmælendum Markaðarins á fjármálamarkaði, meðal annars sjóðsstjórum, miðlurum og fjárfestum, hafa þau veðköll aftur valdið meiri þrýstingi til lækkunar á hlutabréfaverði félaga í Kauphöllinni en ella. Þannig hafa ýmsir einkafjárfestar, sem hafa á síðustu misserum tekið lán til kaupa í Marel, annaðhvort hjá innlendum eða erlendum bönkum, losað um þau bréf sín og innleyst gengishagnað í því skyni að reiða fram frekari tryggingar til að mæta veðköllum sem þeir hafa fengið á sig vegna skarpra lækkana á gengi hlutabréfa í öðrum félögum. Í þeim tilfellum sem fjárfestar hafa ekki getað útvegað nægjanlegar tryggingar hafa bankarnir selt bréfin um leið út á markaðinn í stað þess að leysa þau til sín á bækurnar.

Eftir samfelldar lækkanir í Kauphöllinni sex daga í röð, þar sem Úrvalsvisitalan hafði fallið í verði um 13,5 prósent við lokun markaða síðasta mánudag, rétti hlutabréfamarkaðurinn úr kútnum í gær. Úrvalsvisitalan hækkaði þá um 3,35 prósent í samtals 4,2 milljarða króna viðskiptum. Lækkun vísitalunnar frá því við upphaf síðustu viku nemur núna 10,5 prósentum – hún er á sama stað og í lok október í fyrra – en hlutabréf Ícelandair hafa lækkað langsamlega mest, eða um rúmlega 29 prósent á tímabilinu.

Eitthvað hefur einnig verið um innlausnir í hlutabréfasjóðum rekstrarfélaga á undanförunum dögum, einkum af hálfu einstaklinga, en að sögn sjóðsstjóra sem Markaðurinn hefur rætt við hafa þær fjárhæðir í heildina ekki verið verulegar. Þá hafa minni einkafjárfestar, samkvæmt heimildum, sömuleiðis verið að bregðast við óróa á mörkuðum með því að selja hlutabréf sín í gegnum einkabanka-



Skuldsett hlutabréfakaup hafa aukist nokkuð síðustu ár. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

10,5%

nemur lækkun Úrvalsvisitalunnar í Kauphöllinni frá upphafi síðustu viku.

þjónustu viðskiptabankanna.

Skuldsetning fjárfesta fyrir hlutabréfakaupum hefur aukist nokkuð á allra síðustu árum. Samkvæmt tölum frá Nasdaq, sem rekur Kauphöllina hér á landi, var markaðsvirði veðsettra hlutabréfa um 182 milljarðar í lok febrúar, eða um tæplega 16 prósent af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga. Talsvert meira hefur verið um skuldsetta fjárfesta í minni félögum í Kauphöllinni, meðal annars í Skeljungu, Sýn og Kviku, en í þeim stærri. Viðmælendur Markaðarins benda á að þrátt fyrir að það hafi færst í aukana að fjárfestar fái lán fyrir hlutabréfakaupum krefjist bankarnir nú mun hærra hlutfalls eigin fjár en þekktist á árunum fyrir fjármála-

hrun og þeir grípi einnig fyrir inn í ef skilyrðin fyrir lánveitingunni hafa verið brotin.

Þær lækkanir sem hafa verið á hlutabréfum í Kauphöllinni á síðustu dögum, sem hafa sumpart verið meiri en á hlutabréfamörkuðum erlendis, koma á sama tíma og erlendir fjárfestingarsjóðir hafa verið að losa um eignarhluti sína í skráðum félögum á Íslandi að undanförunum. Þá hafa lífeyrissjóðir ekki verið að auka hlutfallslega við eignarhlut sinn í skráðum félögum auk þess sem hlutabréfasjóðum hefur farið fækkandi og eignir þeirra minnkað.

Að sögn viðmælenda Markaðarins hafa lífeyrissjóðirnir ekki verið að koma inn á hlutabréfamarkaðinn frá því að lækkunarhrinin hófst, nema þá í mjög takmörkuðum mæli, með því að kaupa í félögum. Á meðan sumir gagnrýna að þeir hafi þannig staðið að mestu á hlíðarlínunni, á sama tíma og þeir hafa mikilla hagsmuna að gæta sem stærstu fjárfestarnir á hlutabréfamarkaði, þá benda aðrir á að það sé eðlilegt að sjóðirnir vilji biða og sjá ef þeir hafi væntingar um að botninum sé ekki enn náð.

hordur@frettabladid.is

Vilja margfeldiskosningu í Sýn

Hópur hluthafa í Sýn, sem samanstendur meðal annars af eignarhaldsfélaginu Óskabeini, hyggst fara fram á að margfeldiskosningu verði beitt við stjórnarkjör á aðalfundi fjarskiptafélagsins síðar í mánuðinum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Mikillar óánægju gæti á meðal hluthafanna, þar á meðal Óskabeins og nokkurra einkafjárfesta, með að Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og áður einn stærsti hluthafi VÍS, sé ekki á meðal þeirra frambjóðenda sem tilnefningarnefnd Sýnar leggur til að verði kjörnir í stjórn félagsins, eftir því sem heimildir Markaðarins herma.

Fjárfestahópurinn vinnur nú að því að afla nægilegs stuðnings við kröfuna en hluthafar sem ráða yfir minnst tíu prósentum hlutafjár geta lögum samkvæmt kallað eftir margfeldiskosningu.

Svanhildur kom fyrst inn í hluthafahóp Sýnar í byrjun þessa árs en félag hennar fer með 1,6 prósentu

10%

hlutafjár þurfa fjárfestar að ráða minnst yfir til að geta kallað eftir margfeldiskosningu á hluthafafundi.

hlut í fjarskiptafélaginu.

Á meðal fjárfesta í Óskabeini, sem fer með um fjögurra prósentu hlut í Sýn í gegnum framvirka samninga, eru viðskiptafélagarnir Andri Gunnarsson og Fannar Ólafsson, sem eru meðal annars í hópi eigenda að Keahótelum, Gestur Breiðfjörð Gestsson, eigandi Sparnaðar, og Engilbert Hafsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air.




Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir

Margfeldiskosning virkar á þann veg að gildi hvers atkvæðis er margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal, sem eru fimm í tilfalli Sýnar, og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum sem hann sjálfur kys á jafn marga menn og kjósa skal eða færri.

Tilnefningarnefnd Sýnar leggur sem kunnugt er til að þau Hilmar Þór Kristinsson og Petrea Ingileif Guðmundsdóttir verði kjörnir ný í stjórn félagsins. Þá mælir nefndin með því að þrjár núverandi stjórnarmenn, Hjörleifur Pálsson, Sigríður Vala Halldórsdóttir og Tanya Zharov, verði endurkjörnir.

– hae, kij



HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritari og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.




Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin



URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mótuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

Ekki slakað á mikilvægustu reglunum

Sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík segir samkeppnislög ekki verða veikari hér en í samanburðarríkjum ef frumvarp til breytinga á lögnum nær fram að ganga. Einn eigenda VÍK lögmannsstofu telur allar líkur á að vægi áfrýjunarnefndar minnki verulega.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Sérfræðingar í samkeppnislögum telja að frumvarp Þórdísar Kolbrúnar Reykafjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, til breytinga á samkeppnislögum, sem ríkisstjórnin samþykkti í síðustu viku, sé almennt til þess fallið að stuðla að skilvirkara samkeppniseftirliti hér á landi. Samkeppniseftirlitið og atvinnulífið njóti góðs af því að tillögur frumvarpsins nái fram að ganga.

„Í engu er slakað á mikilvægustu efnisreglum samkeppnislaga og samkeppnislög á Íslandi, í þeim buningi sem frumvarpið gerir ráð fyrir, væru síður en svo veikari en samkeppnisreglur í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við,“ segir Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppniseftirliti við Háskólann í Reykjavík.

Hallmundur Albertsson, einn af eigendum VÍK lögmannsstofu og sérfræðingur á sviði samkeppniseftirlits, telur tillögur frumvarpsins fela í sér mikilvæg og nauðsynleg framfaraskref fyrir framkvæmd samkeppniseftirlits á Íslandi.


„Sumar af þeim breytingum sem lagðar eru til,“ útskýrir hann, „eiga sér fyrirmynd í löggjöf sem samþykkt var í flestum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu á árinu 2004 og voru þá taldar valda straumhvörfum.“

Þá var samkeppnisvirkni í einstökum Evrópuríkjum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins legið á hálsi fyrir að mál væru allt of tímafreak og drægju úr skilvirkni innri markaðarins. Það er engin ástæða til annars en að ætla að það sama muni gerast á Íslandi.

Það eru of mörg dæmi um það að mál hafi verið til meðferðar í fjöldamörg ár. Slíkt dregur verulega úr áhrifum eftirlits. Það segir sig sjálfst að niðurstaða rannsóknar um atburði sem eru fimm til sjö ára gamlir hefur takmarkaða þýðingu fyrir neytendur og samkeppni á þeim markaði sem málið varðar,“ nefnir Hallmundur.

Samkvæmt frumvarpi Þórdísar Kolbrúnar verður skilyrði samkeppnislaga um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála þurfi að liggja fyrir áður en höfða megi mál til ógildingar á ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins fellt brott.

Ekki er hins vegar lagt til að heimild Samkeppniseftirlitsins til



Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt á undanförunum árum stóra samruna á dagvöru- og eldsneytismarkaði hér á landi með skilyrðum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Samkeppniseftirlitið og atvinnulífið nýtu saman góðs af því að þessar tillögur næðu fram að ganga, sem minnst breytta.

Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppniseftirliti við Háskólann í Reykjavík



þess að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla verði afnumin, eins og gert var ráð fyrir í drögum að frumvarpinu sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda síðasta haust.

Óheppilegt fyrirkomulag

Heimir Örn segir núverandi fyrirkomulag í kringum málskot gagnvart ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins óheppilegt. Fyrirtækjum sé skylt að bera þær ákvarðanir undir áfrýjunarnefnd samkeppnismála en hafi enga vissu fyrir því að úrskurður hennar marki endalok máls. Tillaga frumvarpsins komi að vissu leyti til móts við þetta.

„Mín afstaða er sú,“ segir Heimir Örn, „að fella hefði átt niður heimild Samkeppniseftirlitsins til að

skjóta úrskurðum síns eigin æðra stjórnvalds til dómstóla.

Í þessum málaflökki er sumpart heppilegra að réttarframkvæmdin mótist í meðförum stjórnvalda sem geta þroskað með sér sérfræðipækkingu og yfirsýn við úrlausn mála. Niðurstöður geti síðan sætt endurskoðun dómstóla, á grundvelli málskots fyrirtækja, með tilliti til þess hvort réttra málsmeðferðarreglna hafi verið gætt sem og um hvort niðurstöður rúmast innan ákvæða samkeppnislaga eins og þau verða eðlileg skýrð.

Ef Samkeppniseftirlitið er þeirrar skoðunar að úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála sé ekki treystandi þá er ástæða til að íhuga styrkingu á umgjörð áfrýjunarnefndarinnar. Einnig gæti Samkeppniseftirlitið beitt sér fyrir breytingum á samkeppnislögum til að „leiðrétta“ rangar niðurstöður áfrýjunarnefndar ef um slíkt væri að ræða að mati eftirlitsins.

Hafa ber einnig í huga að svigrúm dómstóla til að „móta réttinn“ á sviði samkeppnismála er takmarkað,“ útskýrir Heimir Örn.

Að mati Hallmundar er sú leið sem valin er í frumvarpinu – að heimila fyrirtækjum að leita til dómstóla þó svo að úrskurður áfrýjunarnefndar liggja ekki fyrir – skynsamleg. Þá hafi fyrirtækin val um það hvaða leið skuli farin.

Tillögur frumvarpsins fela í sér mikilvæg og nauðsynleg framfaraskref fyrir framkvæmd samkeppniseftirlits á Íslandi.

Hallmundur Albertsson, einn af eigendum VÍK lögmannsstofu



„Samsvarandi reglur eru í gildi í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og hefur það gefist ágætlega. Í stærri málum standa oft líkur til þess að mál muni fara upp allt dómkerfið og þá er óþarfi að lengja leiðina með því að skikka aðila til að fara fyrir áfrýjunarnefnd og eiga mögulega þrjú dómstig eftir þegar niðurstaða þar liggur fyrir. Það má líka velja því fyrir sér hvort áfrýjunarnefndin sé orðin óþörf,“ nefnir Hallmundur.

Allar líkur séu á því að vægi nefndarinnar muni minnka verulega.

Einbeiti sér að brýnni málum

Aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru meðal annars þær að heimild Samkeppniseft-

irlitsins til ihlutunar án brots verði felld brott, komið verði á sjálfsmati fyrirtækja á því hvort skilyrði séu uppfyllt fyrir undanþágum frá bannákvæðum laganna, veltumörk tilkynningaskyldra samruna verði hækkuð um fimmtíu prósent og málsmeðferð samrunamála bætt.

Heimir Örn segir brýnt að verkefni Samkeppniseftirlitsins séu miðuð við þau sem ætla megi að mestu máli skipti um ótruflað gangverk samkeppni á íslenskum mörkuðum.

„Þótt í hinum fullkomna heimi væri eftir atvikum gott að allt sem hugsanlega gæti haft einhver áhrif á samkeppni fengi skjóta og óskekula skoðun eftirlitsstjórnvalds þá lifum við ekki í þeim heimi. Því þarf, við útfærslu samkeppnisreglna og málsmeðferðar samkeppnismála, að gera sér grein fyrir þeim takmörkunum sem þetta kerfi, eins og önnur kerfi, býr við. Frumvarpið er gott skref til móts við það sjónarmið,“ nefnir Heimir Örn.

Hallmundur segir að skilvirkni samkeppniseftirlits snúist ekki hvað síst um að sá mannaúður sem sé til staðar til þess að sinna eftirlitinu sé nýtt á sem bestan hátt.

„Því tel ég að þær breytingar sem stuðla að því að Samkeppniseftirlitið einbeiti sér að þeim málum sem mestu máli skipta séu mikilvægastar,“ segir hann.

Kvika í Bretlandi sækir um eignastýringarleyfi

Kvika Securities, félag Kviku banka í Bretlandi, hefur sækja síðar á árinu um leyfi til eignastýringar í landinu. Þetta kemur fram í fjárfestakynningu Kviku sem gefin var út í liðinni viku samhliða ársuppgjöri bankans.

Breska fjármálaeftirlitið veitti Kviku Securities sem kunnugt er starfsleyfi til að stýra sérhæfðum sjóðum í byrjun síðasta árs en auk þess hefur félagið leyfi til þess að veita almenna ráðgjafarþjónustu í landinu.

Samkvæmt bresku fyrirtækjaskránni stofnaði Kvika Securities félagið KKV Investment Management í síðasta mánuði en í almennri lýsingu á félaginu er tekið fram að það starfi á sviði sjóðastýringar.



Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kviku í Bretlandi.

Tekjur Kviku Securities námu tæpum 2,5 milljónum punda, jafnvirði um 405 milljóna króna, á síðasta ári, að því er segir í kynningunni, en til samanburðar voru tekjur félagsins 309 þúsund pund árið 2018. Hagnaður félagsins var 829 þúsund pund í fyrra borið saman við 189 þúsund punda tap árið 2018.

Eignir Kviku í Bretlandi nema um fjórum milljónum punda og eru eignir í stýringu um sjötíu milljónir punda. – kj

Fjárfestingafélag Bjarna keypti í Festi

Bjarni Ármannsson, fjárfestir og forstjóri Iceland Seafood International, keypti á liðnu ári 1,1 prósent hlut í Festi, móðurfélagi N1, Krónunnar og Elko. Er hluturinn metinn á um 460 milljónir króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í félaginu.

Samkvæmt ársreikningi Festar fyrir síðasta ár, sem birtur var í síðustu viku, átti fjárfestingafélagið Sjávarsýn, sem er í eigu Bjarna, alls 3,75 milljónir hluta að nafnvirði í félaginu í lok síðasta árs. Dugar sá eignarhlutur til þess að skila félagi Bjarna á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Festar.

Gengi hlutabréfa í Festi hefur lækkað um rúmlega eitt prósent það sem af er árinu en bréfin hafa fallið um ríflega ellefu prósent í verði frá því í byrjun síðustu viku.



Bjarni Ármannsson, fjárfestir og forstjóri Iceland Seafood.

Sé litið til síðustu tólf mánaða nemur gengishækkun bréfanna rúmum tuttugu prósentum.

Eignarhlutur Sjávarsýnar í Festi mun aukast enn frekar ef fyrirhuguð kaup síðarnefnda félagsins á Íslenskri orkumiðlun, sem selur raforku til heimila og fyrirtækja, ganga eftir en samkvæmt kaupsamningi er gert ráð fyrir að hluthafar orkufyrirtækisins, þar á meðal Sjávarsýn með um

þrjátíu prósent hlut, muni fá meðal annars afhenta hluti í Festi sem endurgjald. Bjarni stofnaði Íslenska orkumiðlun ásamt Magnúsi Júlíussyni, framkvæmdastjóra félagsins.

Fjárfestingafélag Bjarna, sem tók við sem forstjóri Iceland Seafood International í byrjun síðasta árs, fer með um ellefu prósent hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu en það var skráð á aðallista Kauphallarinnar í október. Jafnframt fjárfesti félagið í VÍS um miðjan janúarmánuð og heldur nú á um 3,6 prósent hlut í tryggingafélaginu að virði um 730 milljónir króna.

Sjávarsýn hagnaðist um 1,8 milljarða króna árið 2018 en heildareignir fyrirtækisins námu þá 6,3 milljörðum króna. – kj



Nýr Mercedes-Benz GLS.

Áreynslulausir yfirburðir.

Nýr GLS býður upp á meiri þægindi, fullkomnari tæknibúnað og enn meiri lúxus. GLS er með sæti fyrir 7 manns. Skilvirk 9 þrepa sjálfskipting, fullkomin loftþrúðafjöðrun og 4MATIC fjórhjóladrifið bregðast hárrétt við ólíkum aðstæðum og MBUX-margmiðlunarkerfið lagar sig að venjum þínum.

Komdu og kynntu þér nýja GLS. Við hlökkum til að sjá þig.

GLS 350d Progressive
286 hestöfl, 3.500 kg dráttargeta

Verð 15.590.000 kr.

Mercedes-Benz

The best or nothing.





Verðmatið er 20 prósentum yfir markaðsgengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjarskiptin ekki næm fyrir veirunni

Ólíklegt er að kórónafaraldurinn muni hafa mikil neikvæð áhrif á íslensku fjarskiptafélögin sem eru ónæmari en áður fyrir fjölda ferðamanna á Íslandi. Þá mun símnotkun og sjónvarpsáhorf fremur aukast en hitt. Þetta kemur fram í nýju verðmati Capacent á Símanum sem birt var í fyrradag. Verðmatsgengið er 6,5 krónur á hlut sem er um 20 prósentum yfir markaðsgengi Símans eftir að markaðurinn lokaði í gær.

„Það er erfitt að sjá að Covid 19 hafi mikil áhrif á fjarskiptafyrirtækin nema allt fari á versta veg. Frekar má reikna með að notkun á síma og sjónvarpsáhorf stóruækist þegar mælt er með að fólk haldi sig innandyra og forðist samkomur og mannaföt,“ skrifar greinandi Capacent.

56,8

milljarðar króna er verðmat Capacent á Símanum.

„Ást á tímum kórónaveirunnar verður líklega stafræn frekar en hlíðræn líkt og á tímum kólerunnar. Eftir breyttar reglur um reiki hefur samdráttur í komu ferðamanna mun minni áhrif á afkomu símafyrirtækja en áður.“

Greinandi Capacent segir að uppgjör Símans fyrir árið 2019 undirstriki aukna markaðshlutdeild og sterkari stöðu fyrirtækisins á fjarskiptamarkaði. Verðmat Capacent á Símanum hljóðar upp á tæplega 56,8 milljarða en eldra verðmat hljóðaði upp á 51,4 milljarða. Verðmatið hefur því hækkad um rúm 10 prósent sem skýrist af lægri fjármagnskostnaði.

Þá nefnir greinandinn að kröftugur vöxtur hafi verið í sjónvarpstekjum sem jukust um 17 prósent milli ára. Sjónvarpstekjur voru 19,3 prósent tekna Símans árið 2019 en 14,5 prósent árið 2017. Auk þess hafi vöxtur í upplýsingatækni komið á óvart en tekjur Sensa jukust um 11,4 prósent milli ára. – þfh

Hið ósagða skiptir máli í samskiptum á vinnustað

Óyrt samskipti eins og líkamstjáning og andlitstjáning hafa áhrif á tilfinningalega liðan starfsmanna. Stjórnendur geta aukið ánægju starfsmanna og afköst með því að bæta slík samskipti. Þurfa að vera meðvitaðir um skilaboðin sem þeir senda. Óyrt samskipti talin allt að 90 prósent af öllum samskiptum.

Samskipti snúast ekki bara um hvað við segjum heldur hvernig við segjum það. Hið óyrt leikur lykilhlutverk í félagslegum samskiptum, og þess vegna er mikilvægt fyrir stjórnendur að vera meðvitaðir um óyrt samskipti og áhrif þeirra á liðan starfsfólks,“ segir Hildur Vilhelmsdóttir, sem hefur lokið meistaranámi í mannauðsstjórnun. Hún mun kynna niðurstöður rannsóknar sem hún byggði meistararitgerð sína á, á morgunfundi Stjórnvísí þann 10. mars. Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl á milli upplifunar af óyrtum samskiptum yfirmanns og tilfinningalegrar liðanar starfsfólks.

„Óyrt samskipti eru öll þau skilaboð sem við sendum frá okkur fyrir utan tungumálið sjálft, til dæmis í gegnum svipbrigði, augnsamband, raddblæ, tónhæð, handahreyfingar og snertingu,“ segir Hildur en talið er að óyrt samskipti séu allt að 90 prósent af öllum samskiptum. Þrátt fyrir það eru óyrt samskipti lítið rannsakað viðfangsefni á sviði stjórnunar.

„Fyrirtæki eiga mikið undir því að starfsfólki líði vel í vinnunni. Afköst verða meiri, ólíklegra er að fólk verði fyrir kulnu í starfi og ánægja starfsfólks dregur úr starfsmannaveltu. Þegar aðeins um 10 prósent samskipta eru orðaskipti skiptir miklu máli að huga að hinu ósagða,“ segir Hildur.

Í rannsókninni var einblínt á þrjár gerðir tilfinningalegrar liðanar sem að sögn Hildur eru mikilvægar þegar kemur að liðan starfsfólks í vinnu. Þær eru tilfinningalegur stuðningur, tilfinningaleg vinna og tilfinningalegt gildi. Niðurstöðurnar, sem byggðu á svörum frá átta hundruð manns á vinnumarkaði, sýndu sterk tengsl á milli óyrtrar hegðunar í heild og allra þriggja þátta tilfinningalegrar liðanar. Jafnframt sýndu þær að líkamstjáning og andlitstjáning hefðu mest áhrif á alla þrjá þætti tilfinningalegrar liðanar starfsfólks. Hvorki nánd né raddblær reyndust skýra tilfinningalega liðan starfsfólks en aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl þar á milli.

„Það sem hélt mér við efnið voru allar þessar sögur sem ég fékk um upplifun starfsmanna af yfirmönnum sínum, fyrrverandi eða núverandi, og samskiptahegðun þeirra. Það höfðu flestir einhverja sögu að segja. Einn minnst á að yfirmaður



Hildur segir að mestu máli skipti að stjórnendur séu meðvitaðir um sína eigin hegðun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þrjú þættir tilfinningalegrar liðanar

- Tilfinningalegur stuðningur frá yfirmönnum felst m.a. í því að þeir séu aðgengilegir, hlusti á starfsfólk og gefi því ráð, hvort sem það er varðandi málefni sem eru með beinum eða óbeinum hætti tengd vinnunni. Slíkur stuðningur er mikilvægur innan fyrirtækja og hefur víðtæk áhrif á frammistöðu starfsfólks.
- Tilfinningaleg vinna snýr að því að stjórna meðvitað þeim tilfinningum sem sýndar eru innan vinnustaðar. Hún getur

krafist mikillar andlegrar orku sem getur leitt til streitu og óánægju. Því er ávinningur í því fyrir bæði starfsfólk og ekki síður fyrirtæki í heild að reynt sé að draga úr tilfinningalegri vinnu með jákvæðum samskiptum.

- Tilfinningalegt gildi er jákvætt eða neikvætt mat einstaklings á umhverfi sínu eða einstaklingum innan þess. Jákvætt tilfinningalegt gildi eykur líkur á starfsánægju og almennri jákvæðri hegðun í vinnunni.

hans hefði alltaf staðið yfir sér þegar hann kom að skrifborðinu til að ræða málin,“ segir Hildur. Spurð um algengustu dæmin segir Hildur að mörg snúist um að sýna vald í gegnum líkamsbeitingu, hvort sem það er ætlunin eða ekki.

„Þú sest kannski ómeðvitað við endann á stóru fundarborði þegar þú ert á fundi með starfsmanni og þá er strax komin ákveðin valdafjarlægð í samtalinu sem dæmi. Það er svo upplifun starfsmannsins af hegðun yfirmannsins sem hefur áhrif á tilfinningalega liðan þeirra og hegðun í kjölfarið. Því

ættu stjórnendur að huga að því að sýna hegðun sem yfir undir að þeir séu aðgengilegir og starfsmenn upplifi að þeir geti leitað til yfirmannsins,“ segir Hildur.

Að baki óyrtum samskiptum felst sjaldan einbeittur ásetningur heldur eru þau að mestu leyti ómeðvitað sem gerir það að verkum að erfitt getur reynt að stjórna hegðun sinni til lengri tíma. Hildur segir að mestu máli skipti að stjórnendur séu meðvitaðir um sína eigin hegðun og hvaða áhrif hún getur haft á aðra.

„Stjórnendur þurfa að vera meðvitaðir um hvaða skilaboð þeir

Yfirmenn geta til dæmis lagt áherslu á að halda augnsambandi við starfsfólk sitt í samskiptum og sýna jákvæð svipbrigði eins og bros.

senda frá sér, ekki aðeins upp á sinn eigin trúverðugleika og framkomu heldur einnig í tengslum við liðan starfsfólks. Óyrt samskipti eiga sér djúpar og frumstæðar rætur, og þess vegna er gott að staldra við og hugsa um hvaða skilaboð þú ert að senda frá þér og hvort skilaboðin séu þau sem þú ætlaðir að senda. Það er hægt að spyrja sig hvernig líkamstjáningin og svipbrigðin voru á síðasta fundi eða í samtalinu áðan,“ segir Hildur.

„Yfirmenn geta til dæmis lagt áherslu á að halda augnsambandi við starfsfólk sitt í samskiptum og sýna jákvæð svipbrigði eins og bros. Þeir geta reynt að vera með afslappaða og liflega líkamsstöðu, til dæmis með því að nota hendurnar þegar þeir tala. Sé það gert er það líklegt til að hafa jákvæð áhrif á liðan starfsfólks og reksturinn,“ bætir hún við. Morgunfundur Stjórnvísí verður haldinn í Veröldhúsi Vigdísar Finnbogadóttur. thorsteinn@frettabladid.is

Hætta á „alvarlegum samkeppnishindrunum“

Samkeppniseftirlitið telur að viðræður þriggja stærstu fjarskiptafélaga landsins um möguleika á samstarfi við uppbyggingu fjarskiptainnvíða geti skapað hættu á alvarlegum samkeppnishindrunum.

Jafnframt segir eftirlitið viðræðurnar þess eðlis að þær geti stefnt í hættu því, sem stofnunin telur, mikilvæga markmiði að innviðasamkeppni, en ekki samvinna keppinauta, skapi meginhvatan fyrir fjárfestingu og hraða uppbyggingu grundvallarinnvíða á borð við 5G. Þetta kemur fram í nýlegu minnisblaði sem Samkeppniseftirlitið hefur unnið í kjölfar viðræðna við félögin þrjú og nánari athugun á áformum þeirra.



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Eins og kunnugt er greindu félögin – Síminn, Sýn og Nova – frá því í lok síðasta árs að þau hefðu undirritað viljayfirlýsingu um viðræður um möguleika á samnýtingu og samstarfi við uppbyggingu fjarskiptainnvíða.

Var tekið fram í tilkynningu að markmið viðræðna félaganna væri að „kanna möguleika á því að vinna að hagkvæmri nýtingu

framleiðsluþátta þjóðfélagsins, draga úr umhverfisraski og auka almannaoýggi með því að eiga með sér samstarf um uppbyggingu fjarskiptainnvíða“.

Í minnisblaði Samkeppniseftirlitsins segir að þegar efni umræddrar yfirlýsingar sé virt og horft sé til þess sem fram hafi komið á fundum eftirlitsins með félögum sé ljóst að efni komandi viðræðna sé „lítt skilgreint og afar opið“. Þannig hafi komið fram á fundunum að mögulegir samstarfsfletir félaganna væru óskilgreindir og algjörlega ómótaðir. Félögin hafi ekki fundað sín á milli og fjallað um hvað samstarfið eigi í raun að fela í sér.

Til marks um ólíka sýn félaganna

bendir Samkeppniseftirlitið á að á fundunum hafi annars vegar komið fram hugmyndir um að samstarfið geti verið á afar breiðum grundvelli þar sem stofnet, aðgangnet og farnet yrðu til umræðu. Fleiri fyrirtæki geti þá mögulega komið að viðræðunum með það að markmiði að gera breytingar sem feli í sér að eitt fyrirtæki fari með rekstur allra fjarskiptainnvíða hér á landi.

Hins vegar hafi komið fram hugmyndir í þá veru að viðræðurnar megi ekki vera of viðamiklar, heldur verði að snúast um afmarkað samstarf.

Samkeppniseftirlitið árettar jafnframt í minnisblaðinu að viðræður félaganna geti haft mikil

áhrif á samkeppni á fjarskiptamarkaði, enda stefni félögin, sem séu með yfirburðahlutdeild á markaðinum, að samstarfi sem leiddi til „minni fjárfestingaþarfar“.

Eftirlitið segir nær ómögulegt, í ljósi ólíkra áherslna félaganna, að viðræðurnar feli ekki í sér könnun á möguleikum á því að samræma að einhverju leyti afstöðu þeirra til þess að forsendur skapist fyrir meðal annars samrekstri eða samnýtingu fjarskiptainnvíða þar sem eftir atvikum samkeppni ríkir í dag.

„Slíkt samstarf er að öðru jöfnu ólöglegt,“ segir í minnisblaði eftirlitsins. Sjálfstæðar fjárfestingar keppinauta séu grundvallarþáttur í innviðasamkeppni. – kj

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl

frá 3.995



Viðgerðarkollur

7.495



Viðgerðarbretti

4.895



Jeppatjakkur 2.25T 52cm

12.995



Hjólattjakkur 2T m/tösku

9.795



Vélagálgi 2T

49.999



Álskóflur

1.999



Vélastandur 500kg

9.985



AirBrush loftdæla

19.995



6T Búkkar 605mm Par

9.999



Startkaplar

frá 1.495



Hleðslutæki 12V 6A

4.995



Verkfæraskápur á hjólum

34.995



Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

99.999



1/2 Toppasett

7.995



1/4 Toppasett

3.995



1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk

14.995



Verkfærasett 108 stk

5.995



Mikió úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle

6.985



Skrallyklar 8-17

4.995

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ranamyndavél

15.995



Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolió

24.995



Verðmæta-skápar

frá 4.995



Sandkassa-grafa

4.995



Lyklabox í miklu úrvali



Verkfærasett

4.995



Lím-byssur

frá 995



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



Flísa-sög 80mm

13.995



Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm

9.999



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)

19.995



Metabo KS216 bútsög

16.995



SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

14.995

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Fjármálaráðherrar heita aðgerðum

Fjármálaráðherrar sjö stærstu iðnríkja heims lofa að grípa til aðgerða til þess að örva heimshagkerfið sem hefur orðið fyrir þungu höggi vegna kórónaveirunnar. Bankastjóri Englandsbanka gerir ráð fyrir „kröftugum“ viðbrögðum stjórnvalda og seðlabanka.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar margra vest-rænna ríkja hétu því í gær að grípa til aðgerða til þess að milda það högg sem heimsbúskapurinn verður fyrir vegna hraðrar útbreiðslu COVID-19.

Í yfirlýsingu sem fjármálaráðherrar sjö helstu iðnríkja heims, G7-hópsins, sendu frá sér í kjölfar símafundar þeirra um miðjan gærðag var tekið fram að hvert ríki fyrir sig hefði lofað aðgerðum til þess að blása lífi í efnahag sinn. Þó var ekki útskýrt nánar um hvers konar aðgerðir gætu verið að ræða.

„Í ljósi mögulegra áhrifa Covid-19 á heimshagvöxt ítrekum við loforð okkar um að nota öll viðeigandi tól til þess að stuðla að sterkum og sjálfbærum vexti og verjast áhættu,“ sagði í yfirlýsingu fjármálaráðherranna.

Ráðherrarnir hétu því jafnframt að auka ríkisútgjöld til þess að annars vegar tryggja að heilbrigðiskerfi gætu brugðist við kórónafaraldrinum og hins vegar örva hagkerfi heimsins.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu varaði við því á mánudag að útbreiðsla veirunnar ætti eftir að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir heimshagkerfið. Hún væri raunar mesta ógn við fjármálakerfi heimsins frá því í fjármálakreppunni árið 2008. Sérfræðingar stofnunarinnar hafa lækkað hagvaxtarspá sína fyrir árið úr þremur prósentum í 1,5 prósent.

Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, sagði í gær að áhrif kórónaveirunnar „gætu orðið mikil“ en mestu áhrifin kæmu líkast til fram á einum eða tveimur ársfjórðungum.

Í áður nefndri yfirlýsingu fjármálaráðherra G7-rikkanna sagði jafnframt að seðlabankar ríkanna myndu „áfram gegna skyldum sínum og stuðla að verðstöðugleika og efnahagsvexti á sama tíma og þeir viðhalda sveigjanleika fjármálakerfisins,“ eins og það var orðað, en greinendur sem Financial Times ræddi við telja orðalagið gefa til kynna að



Efnahags- og framfarastofnun Evrópu lækkaði hagvaxtarspá sína um helming í byrjun vikunnar vegna áhrifa COVID-19 faraldursins og gerir nú ráð fyrir 1,5 prósentu heimshagvexti í ár í stað þriggja prósentu. MYND/AFP

umræddir seðlabankar undirbúi nú að lækka vexti og veita auknu lausafé út í hagkerfi sín.

G7-hópurinn lýsti jafnframt yfir stuðningi við þá ákvörðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans að opna lánalínur til þeirra ríkja sem gætu átt erfitt með að bregðast við faraldrinum vegna lausafjárþurrðar.

„Fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar G7-rikkanna eru reiðubúnir til þess að vinna frekar saman að tímabærum og áhrifaríkum aðgerðum,“ sagði enn fremur í yfirlýsingu ráðherranna.

Ástralir riðu á vaðið

Hækkanir á hlutabréfamörkuðum heimsins gengu að hluta til baka í kjölfar yfirlýsingarinnar um miðjan daginn í gær. Bandaríska hlutabréfavisitalan S&P 500 lækkaði sem dæmi um 0,5 prósent í fyrstu viðskiptum en hækkaði þó lítillega eftir að Seðlabanki Bandaríkjanna tilkynnti óvænt um hálfprósentustígs vaxtalækkun síðdegis í gær. Evrópsk hlutabréf, sem hækkuðu verulega í verði fyrir hádegi, gáfu aðeins eftir í kjölfar yfirlýsingarinnar og enduðu dag-

inn í um það bil tveggja prósentu hækkan. Seðlabanki Ástralíu reið fyrstur seðlabanka á vaðið aðfaranótt þriðjudags og lækkaði stýrivexti sína um 0,25 prósentustig. Seðlabanki Malasíu fylgdi í kjölfarið með sams konar lækkun.

Í tilkynningu frá Seðlabanka Ástralíu var tekið fram að kórónaveiran hefði „veruleg áhrif“ á hagkerfi landsins. Áströlsk stjórnvöld staðfestu í gær að í undirbúningi væru „afmarkaðar og ákveðnar“ aðgerðir, einkum á sviði ríkisfjármála, sem miðuðu að því að blása lífi í efnahag landsins.

Carney sagðist á fundi breskrar þingnefndar í gær gera ráð fyrir „kröftugum“ viðbrögðum af hálfu stjórnvalda víða um heim. „Það er rétt að gera ráð fyrir viðbrögðum sem fela í sér bæði aðgerðir í ríkisfjármálum og af hálfu seðlabanka,“ nefndi hann.

Aðgerðirnar gætu vissulega verið ólíkar og tímasetning þeirra mismunandi en „viðbrögðin munu hafa það sameiginlega markmið að styðja við hagkerfi í gegnum krefjandi tímabil“. Samskiptalínur á milli stærstu seðlabanka heims væru opnar.

Skóðar örvunaraðgerðir

Christine Lagarde, bankastjóri evrópska seðlabankans, talaði á sömu nótum á mánudag þegar hún sagði bankann „tilbúinn til þess að grípa til viðeigandi aðgerða“ til þess að milda efnahagslegu áhrif kórónaveirunnar. Innan bankans er unnið að leiðum til þess að dæla ódýru lausafé inn í evrópskt fjármálakerfi án þess þó að stýrivextir hans, sem eru þegar neikvæðir, verði lækkaðir enn frekar.

Danae Kyriakopoulou, aðalhaf-fræðingur hugveitunnar OMFIF, segir hendur evrópska seðlabankans bundnari en annarra seðlabanka í ljósi þess að „vextir bankans eru þegar mjög lágir. Það er því erfiðara fyrir bankann að lækka þá enn frekar.“

Hún segir þessa stöðu auka líkurnar á því að bankinn skoði aðra kosti sem geti meðal annars falist í auknum ódýrum lánveitingum til banka eða frekari verðbrefakaupum á markaði.

Samkvæmt heimildum Financial Times skoða embættismenn innan evrópska seðlabankans meðal annars að veita bönkum lán á neikvæðum vöxtum gegn því skilyrði að bankarnir láni áfram til lítilla og

Það er rétt að gera ráð fyrir viðbrögðum sem fela í sér bæði aðgerðir í ríkisfjármálum og af hálfu seðlabanka.

Mark Carney,
bankastjóri Englandsbanka



Við erum reiðubún til þess að grípa til viðeigandi og afmarkaðra aðgerða ef nauðsyn krefur.

Christine Lagarde,
bankastjóri Evrópska seðlabankans



meðalstórta fyrirtækja sem glími við afleiðingar kórónaveirunnar. Lagarde gaf í skyn í yfirlýsingu á mánudag að þess háttar aðgerð væri til skoðunar.

Jafnframt kannar bankinn möguleikann á því, eftir því sem heimildir Financial Times herma, að kaupa í auknum mæli skuldabréf sem gefin eru út af fyrirtækjum, fremur en ríkjum, í því skyni að draga úr spennu á markaði fyrir fyrirtækjaskuldabréf.

Jafnvel þótt peningastefnunefnd Seðlabanka Evrópu sé ekki líkleg til þess að lækka stýrivexti bankans á fundi sínum í næstu viku telja sérfræðingar að nefndin gæti neyðst til þess að grípa til vaxtalækkana ef gengi evrunnar heldur áfram að styrkjast gagnvart bandaríkjadalnum.

„Þriggja prósentu hækkan gengisvísitölu evrunnar undanfarnar tvær vikur er sú mesta á svo stuttum tíma í fjögur ár,“ segir Frederik Ducrozet, greinandi hjá Pictet Wealth Management. Fjárfestar geri fastlega ráð fyrir því að seðlabankinn lækki stýrivexti sína um að minnsta kosti 0,1 prósentustig í þessum eða næsta mánuði.

Þetta flytur sig ekki sjálf!

(Atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)

SIXT
langtímaleiga



Verð frá:
63.900 kr. á mán. án vsk.
Verð með vsk. frá: 79.236 kr. á mánuði.
Pantaðu bílinn á sixtlangtímaleiga.is.

Innifalið í langtímaleigu:

- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti
- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald

Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn
Kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is.

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU



SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Ferðaþjónusta á Íslandi hefur orðið fyrir miklum höggum á síðasta eina og hálfu árinu. Kórónafaraldurinn skekur nú heimshagkerfið og er byrjaður að hafa veruleg áhrif á ferðabókanir. Stóðir íslenskrar ferðaþjónustu voru orðnar veikar fyrir með fækkun ferðamanna og hækkun launakostnaðar. Stjórnendur í atvinnugreininni furða sig á því að stjórnvöld hafi ekki brugðist við stöðunni með afgerandi hætti enda eru miklir hagsmunir undir.

„Það hefur verið dæði hjá stjórnvöldum gagnvart ferðaþjónustu þrátt fyrir að hún sé langstærsta atvinnugrein landsins, skapi langmest af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar og veiti gríðarlegum fjölda fólks vinnu. Ferðaþjónustan er samfélagslega mikilvæg atvinnugrein en það heyrir hvorki hósti né stuna frá stjórnvöldum þegar kreppir að,“ segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures.

„Það var að mínu mati hálfgerð andvaraleysi þegar WOW fór, líklega vegna þess að áhrifanna fór ekki að gæta strax. Það hefði þurft að grípa til einhverra aðgerða þá, en það er auðvelt að vera vitur eftir á,“ segir Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hótel Sögu.

„Núna er bókunartímabilið fyrir sumarið í fullum gangi og við fylgjumst með fréttum af veirunni vegna þess að hún getur haft miklar afleiðingar. Síðasta sumar var rólegt og við í ferðaþjónustunni megum alls ekki við slöku sumri í ár,“ bætir hún við.

Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, segir að staðan í ferðaþjónustunni hafi verið þung í töluverðan tíma. Ferðaþjónustan hafi kallað eftir aðkomu stjórnvalda eftir fall WOW air sem miðar að því að styðja við greinina og hvetja ferðamenn til að koma til landsins.

„Einn þáttur í því er framboð flugsæta og hvernig við getum hvatt flugfélög til að auka framboðið. Það væri mögulega hægt með því að veita afslætti af lendingargjöldum í gegnum Isavia. Annar þáttur er öflugt markaðsstarf. Maður skilur ekki hvers vegna stjórnvöld voru ekki fljóttari að bregðast við. Ef viðbrögðin hefðu verið þau að setja strax meiri pening í markaðsstarf og búa til hvata fyrir flugfélög til að koma til landsins hefðum við örugglega ekki séð jafn mikinn samdrátt,“ segir Björn sem bendir á að ferðamenn skili gríðarlegum fjármunum í ríkissjóð í gegnum virðisaukaskatt, áfengisgjöld og önnur opinber gjöld.

„Það má velta því fyrir sér hversu miklum tekjum ríkið hefur tapað frá falli WOW air. Í okkar tilfalli dróst veltan saman um meira en 600 milljónir króna á milli árunna 2018 og 2019. Þetta þýðir töpuð störf og tapaðar skatttekjur,“ segir Björn.

Styrmir hjá Arctic Adventures nefnir að ferðaþjónustan sé tiltululega óþroskuð atvinnugrein og kannski hafi hún þess vegna ekki náð að stimpla sig inn í stjórnerfið með sama hætti og sjávarútvegur eða áliðnaður. „Það er mikilvægt að stjórnvöld kynni sér greinina og átti sig á því hversu miklir hagsmunir eru undir.“

Staðan mun ekki batna milli ára Kórónafaraldurinn bætist við erfiðleikana sem ferðaþjónustan hefur glímt við í kjölfar gjaldþrots WOW air og kyrrsetningar Boeing MAX-vélanna.

Yfir þrjú þúsund manns hafa látist af völdum COVID-19 faraldursins, sem kórónaveiran veldur, á heimsvísu. Faraldurinn var í fyrstu bundinn við Kína en þegar ljóst var í síðustu viku að hann hefði borist til Evrópu greip um sig ötti á mörkuðum. Áhrifin eru nú þegar farin að segja til sín í bókunum á flugferðum og afþreyingu um allan



Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures, segir að nýtingarhlutfall fastafjármuna sé ekki nema um 25 prósent hjá mörgum félögum. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Heyrist hvorki hósti né stuna nú þegar kreppir að

Afbókanir og samdráttur vegna kórónaveirunnar vofa yfir ferðaþjónustunni. Mikil óvissa um hver áhrifin verða á fjölda ferðamanna í sumar. Ferðaþjónustan var í þröngri stöðu fyrir. Mörg fyrirtæki með slæma lausafjárstöðu tapa fyrirframgreiðslum. Stjórnendur furða sig á aðgerðaleyfi stjórnvalda.

Ástandið minnir óneitanlega á hvernig þetta var eftir hryðjuverkaárásirnar kenndar við 11. september þegar við stóðum frammi fyrir algjörru óvissu.

Hrönn Greipisdóttir, framkvæmdastjóri Eldeyjar



heim. Samtök ferðaþjónustunnar hafa greint frá því að íslensk fyrirtæki hafi fengið fjölda fyrirspurna frá erlendum ferðamönnum sem eiga bókaðar ferðir til landsins. Þeir spyrji um afbókunarskilmála vegna

veirufaraldursins.

„Ástandið minnir óneitanlega á hvernig þetta var eftir hryðjuverkaárásirnar kenndar við 11. september þegar við stóðum frammi fyrir algjörru óvissu um hver áhrifin yrðu og hversu lengi þau myndu vara. Mun þetta styrkja eða veikja Ísland sem áfangastað og hversu langan tíma tekur að vinna traustið upp aftur?“ spyr Hrönn Greipisdóttir, framkvæmdastjóri Eldeyjar TLH, sem fjárfestir í afþreyingartengdri ferðaþjónustu.

Arctic Adventures, sem er eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, selur og sér um framkvæmd ferða og afþreyingar um allt land, svo sem köfun, snjósleðaferðir, flúðasiglingar, hvalaskoðun, ferðir í ísgöng og hellaferðir. Velta fyrirtækisins er um sjö milljarðar.

Arctic Adventures sagði upp nýu starfsmönnum, bæði á Íslandi og Víníus, í lok febrúar og endurskóðaði framboð ferða næstu mánuði til

að bregðast við væntum samdrætti í fjölda ferðamanna vegna kórónaveirunnar.

„Bókunarstaðan hjá okkur er nokkuð góð en auðvitað veit maður ekki hvernig þetta spílást út með veiruna. Við áttum von á erfiðu ári og höfðum sett okkur í stellingar fyrir það, til dæmis með því að lækka rekstrarkostnað og safna lausafé. Síðasta ár var erfitt hjá mörgum fyrirtækjum og það er deginum ljósara að staðan hefur ekki batnað og mun ekki batna á þessu ári,“ segir Styrmir Þór.

„Nýtingarhlutfall fastafjármuna, sem er einn helsti rekstrarmælikvarðinn í ferðaþjónustu, liggur á bilinu 75-85 prósent hjá okkur en hjá flestum sem maður ræðir við er hlutfallið ekki nema 25 prósent. Það er alveg ljóst að ef flugfélag væri að keyra á 25 prósent nýtingarhlutfalli væri það ekki lengi í rekstri. Dæmið gengur ekki upp til lengdar,“ bendir Styrmir á.

Ingibjörg hjá Hótel Sögu segir að hótelið hafi ekki verið með margar bókanir frá Asíu þegar veiran fór að breiðast út og afbókanir hafi því verið fáar hingað til. Aftur á móti sé erfitt að átta sig á því hvernig staðan muni þróast. Þá nefnir hún að aukið framboð af hótélherbergjum og minni eftirspurn hafi valdið því að tekjur á hvert herbergi hafi lækkað um tæplega fjórðung á milli ára í janúar og febrúar.

„Það er ógnvænlegt að sjá svona mikla lækkun,“ segir Ingibjörg og bætir við að hart sé í ári hjá mörgum hótélum og ferðaþjónustufyrirtækjum.

„Það hjálpar svo ekki til að bankarnir halda að sér höndum. Þetta er sá tími þegar fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa þurft að fá smá fyrirgreiðslu inn í sumarið og sérstaklega núna eftir erfitt rekstrarár. Síðan kemur kórónaveiran. Þetta er skrytið ástand og óvíst hvernig fer,“ segir Ingibjörg.



Stærsta hindrunin er sú að margir fyrirtækjagjendur eru að láta egóin sín þvælast fyrir sameiningum svo að hægt sé að búa til rekstrarhæf og burðug fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures



gerst í þeim efnum nema hjá Arctic Adventures sem festi til að mynda kaup á hlutum framtakssjóðsins Icelandic Tourism Fund, sem er í rekstri Landsbréfa, í fimm ferðaþjónustufyrirtækjum í lok síðasta árs.

„Það hefur lítið sem ekkert gerst í sameiningum ferðaþjónustufyrirtækja nema hjá okkur. Frá því í haust hefur legið fyrir að ferðaþjónustan þurfi að hagræða í ljósi Lífskjarasamningsins og mikilla launahækkana sem honum fylgja. Það er fyrst og fremst gert með því að stækka einingarnar,“ segir Styrmir.

„Stærsta hindrunin,“ bætir hann við, „er sú að margir fyrirtækjagjendur eru að láta egóin sín þvælast fyrir sameiningum svo að hægt sé að búa til rekstrarhæf og burðug fyrirtæki í ferðaþjónustu. Rekstrarumhverfi fyrirtækja er að taka sífelldum breytingum og þeir sem ekki bregðast við breyttum aðstæðum og þróast munu verða undir.“

Rútufyrirtækin Gray Line og Reykjavík Sightseeing tilkynntu Samkeppniseftirlitinu um fyrirhugaða sameiningu fyrirtækjanna um mitt síðasta ár. Rétt fyrir júl, riflega hálfu ári síðar, fékkst samþykki frá Samkeppniseftirlitinu. Samruninn hefur enn ekki gengið í gegn.

Eftirlitið er steinn í götu

Hrónn segir að innan ferðaþjónustunnar sé mikið um víðræður og þreifingar um samruna en Samkeppniseftirlitið geti hins vegar verið þráður í götu slíkra áforma.

„Í þessu sambandi er sérkennilegt hvernig Samkeppniseftirlitið hefur litið á ferðaþjónustu. Í mínum huga er ferðaþjónustan fyrst og fremst útflutningsgrein í alþjóðlegri samkeppni en þegar kemur að því að sameina fyrirtæki hefur Samkeppniseftirlitið verið býsna strangt í skilgreiningum sínum á markaðinum og jafnvel skilgreint samkeppni innan landsfjórðunga,“ segir Hrónn og bætir við að samrunum í greininni hafi fylgt íþyngjandi skilyrði sem fæli aðra fyrirtækjagjendur frá því að ríða á vaðið.

„Tíminn sem eftirlitið tekur sér í skoðun sína nær líka engri átt. Fyrirtækjunum blæðir á meðan þau bíða vegna þess að í samrunaferli stöðvast margt í rekstrinum. Margir leggja ekki í samruna vegna þess að þeir búast fyrirfram við löngu ferli, og að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins verði neikvæð og dragi jafnvel úr ætluðum samlegðaráhrifum,“ segir Hrónn. Þá spyr hún hvaða sjónarmið liggja á bak við íþyngjandi skilyrði eftirlitsins og langt samrunaferli.

„Er markmiðið að ferðamaðurinn John Smith greiði sem lægst verð fyrir afþreyingu á Íslandi? Samkeppniseftirlitið þarf að taka mið af því að Ísland er í samkeppni við önnur lönd svo að hér sé hægt að byggja upp stöndug fyrirtæki. Á sama tíma maka erlend bókunar-fyrirtæki hér krókinn og stór hluti framlegðar ferðaþjónustunnar kemur aldrei til landsins. Það er sorglegt að vita til þess að fyrirtækin eru að greiða erlendum bókunarþjónustum allt upp í 25-30 prósentu þóknar,“ segir Hrónn.

Samtök ferðaþjónustunnar gagnrýna framlög til Íslandsstofu

Stjórnvöld undirrituðu í síðustu viku nýjan þjónustusamning um starfsemi Íslandsstofu. Grunnurinn í fjármögnun Íslandsstofu er markaðsgjald sem fyrirtækin í landinu greiða auk framlags atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis sem samkvæmt samningnum verður 1.575 milljónir króna á árunum 2020-2024, eða 300 til 375 milljónir króna á ári.

„Íslandsstofa er nú betur í stakk búin en nokkru sinni áður til að leiða markvissa sókn á erlenda markaði,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra við tilefnið.

„Samningurinn felur í sér að unnið verður að því að efla samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum, sem og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins, sem styrkir stöðir efnahagslífsins. Því er mikilvægt að hann skuli vera í höfn,“ sagði Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Samtök ferðaþjónustunnar gagnrýndu samninginn og sögðu mikil vonbrigði að

framlög ríkisins til markaðssetningar fyrir íslenska ferðaþjónustu skuli lækka á næstu árum. Bentu samtökin á að til samanburðar jafngildi heildarframlögin til fimm ára aðeins eins og hálfis árs fjármagni sem samkeppnislöndin Noregur og Finnland verja hvort um sig til sams konar markaðssetningar miðað við hverjar 2 milljónir ferðamanna.

„Nú þegar íslensk ferðaþjónusta stendur frammi fyrir sífellt erfiðara rekstrarumhverfi, minnkandi eftirspurn og ýmsum neikvæðum ytri áhrifum er bráðnauðsynlegt að ríkið auki við fjárfestingu sína í markaðssetningu á verðmætum mörkuðum ferðaþjónustunnar. Slík fjárfesting er ein besta leiðin til að örva atvinnulíf og hagkerfi í niðursveiflu og myndi skila óumdeilanlegum árangri í formi gjald-eyristekna fyrir þjóðarbúið, skatttekna fyrir ríki og sveitarfélög, sterkari rekstri fyrirtækja og minna atvinnuleysi og þar með styðja við betri almenn lífsgæði fólks í landinu,“ sögðu samtökin á Facebook-síðu sinni en þau skora

á stjórnvöld að bæta myndarlega við fjármagn til markaðssetningar fyrir ferðaþjónustu í fjármálaáætlun til næstu fimm ára.

„Við erum þekkt fyrir að það að bregðast of oft við eftir á og það vantar meiri snerpu í stjórnkerfið,“ segir Hrónn hjá Eldey. „Núna skiptir höfuðmáli að koma markaðssetningunni í gang og stuðla að auknu flugframboði. Þetta helst í hendur og þarf að vera samstillt átak. Framboð af flugi til landsins og sterkir áfangastaðir skipta öllu máli og eru mikilvægasti grunnur íslenskrar ferðaþjónustu.“

Hrónn bendir á að fækkun ferðamanna á síðasta ári hafi falið í sér tvöfalt högg vegna þess að Bandaríkjamönnum hafi fækkað mest.

„Þetta eru okkar verðmætustu kunnar. Þeir kaupa afþreyingu, stoppa lengi og auglýsa okkur vel. Ég held að átak í því að ná Bandaríkjamönnum aftur til landsins myndi skila sér margfalt.“

Tapa fyrirframgreiðslum

Hrónn segir að árið 2019 hafi verið hagræðingar hjá mörgum fyrirtækjum en hún tekur fram að hagræðing kosti sitt.

„Mörg fyrirtæki sem hafa ráðist í hagræðingar eru því í þröngri lausafjárstöðu og það getur skilið á milli feigs og ófeigs í ár, það er að segja, hverjir hafa aðgang að fjármagni til þess að geta fleytt sér í gegnum erfiða tíma. Hins vegar standa þau fyrirtæki betur að vígi og fókusinn er skýrari sem vissulega hjálpar,“ segir Hrónn.

Þá segir hún að ferðaþjónustufyrirtæki séu dæmigerð rekstrar-

félög sem eigi erfitt með að fjármagna sig hjá lánastofnunum þar sem eignir til veðsetningar séu oft litlar sem engar.

„Þegar betur áraði fleyttu mörg fyrirtæki sér áfram á fyrirframgreiðslum. Fyrirframgreiðslur gerðu ferðaþjónustunni kleift að vera heilsársatvinnugrein. Þær eru ódýr fjármögnun sem hægt er að nota í þeim mánuðum þegar sjóðstremmið náði ekki að mæta gjöldum,“ segir Hrónn og bætir við að nú þegar óvissan vegna kórónaveirunnar er mikil séu ferðamenn ekki endilega tilbúnir að fullgreiða ferðir með löngum fyrirvara á meðan

þeir vita ekki hvernig heimsmálin þróast.

„Bæði tapast fyrirframgreiðslur vegna minni eftirspurnar en áður og ekki síður vegna þess að fólk er ekki eins viljugt að borga fyrir þjónustu sem það er ekki vissst um að geta nýtt sér. Með fækkun ferðamanna er einfaldlega ekki eins brýnt og áður að tryggja sér gistingu eða pláss í afþreyingu. Nú er bara vonandi að fjármögnunaraðilar hafi skilning á þessu ástandi, sem ég trúi að sé tímabundið, rétt eins og við höfum komist í gegnum aðrar dýfur í gegnum tíðina. Ástandið í dag undirstrikar enn og aftur hvað

ferðaþjónustan er útsett fyrir ytri aðstæðum ekki síður en sjávarútvegurinn ef því er að skipta. Við erum að upplifa ákveðinn aflabrest í dag en ferðamenn eru ekki eins og síldin. Þeir koma aftur,“ segir Hrónn.

Fáir samrunar gengið í gegn

Í apríl 2018 fækkaði ferðamönnum milli ára í fyrsta skiptið í átta ár og um það leyti fór að bera á orðræðu um að atvinnugreinin þyrfti á samþjöppun að halda. Fyrirtæki þyrftu að sameinast til að ná stærðarhagkvæmni.

Styrmir Þór segir að lítið hafi

Okkur hefur tekist vel til varðandi ýmsan rekstrarkostnað en þegar kemur að launakostnaði sem hlutfall af veltu munar hátt í 20 prósentustigum á okkur og systurhótelum í Svíþjóð.

Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hótel Sögu.



Segir að Lífskjarasamningurinn standist ekki skoðun

Launakostnaður ferðaþjónustu-fyrirtækja hefur aukist verulega á síðustu árum og hann mun fjárfestir á aukast enn meira út gildistíma Lífskjarasamningsins sem nær til ársins 2022. Styrmir Þór segir að samningurinn standist enga skoðun enda hafi ekki verið neitt svigrúm fyrir launahækkunir í greininni.

„Það kallar á að fyrirtæki flytji störf út fyrir landsteinana eins og við höfum nú þegar gert. Íslensk ferðaþjónusta er í alþjóðlegri samkeppni og það segir sig sjálf að fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni geta ekki verið með öll störf í dýrasta landi í heimi,“ segir Styrmir Þór.

„Ef stjórnvöld hefðu skilið hvernig ferðaþjónustan virkar hefðu þau aldrei gengið inn í Lífskjarasamninginn,“ bætir hann við.

Í byrjun árs 2019 opnaði Arctic Adventures þjónustuver í Vilnius, höfuðborg Litháens, til viðbótar við þjónustuverið á Íslandi en einnig hugbúnaðarþróunardeild og markaðsdeild. Til að byrja með átti að flytja starfsmennina út í litlum skrefum en þegar í ljós kom að afköstin í Litháen voru miklu meiri en hér heima var ákveðið að hraða flutningunum.

„Við erum búin að flytja þjónustuverið, markaðsdeildina og upplýsingateknideildina til Litháens og einnig hluta af vörustjórnuninni. Við ákváðum að ráðast í þessar aðgerðir þegar verkalýðsfélögin stóðu í hótunum og fóru fram á launahækkunir sem voru ekki sjálfbærar,“ segir Styrmir Þór.

Sérðu fyrir þér að fleiri ferðaþjónustufyrirtæki gripi til þess að flytja hluta af starfsmennum úr landi?

„Það kostar sitt og krefst stærðarhagkvæmni. Það getur verið að einhver fyrirtæki gripi til þess á endanum en þau þurfa að byrja á því að taka til heima hjá sér áður en þau eiga kost á því að flytja starfsmenn út,“ segir Styrmir Þór.

Launakostnaður mun hærrí en í Svíþjóð

Ingibjörg segir að Hótel Saga beri sig



Meiri háttar áhrif á flugfélög

Verð hlutabréfa í Icelandair hefur lækkað um 33 prósent í Kauphöllinni á ellefu dögum. Það stóð í 8,47 krónum á hlut 21. febrúar en hefur nú lækkað niður í 5,65 krónur.

Icelandair tilkynnti á sunnudaginn að eftirspurn eftir ferðalögum á ákveðin svæði í heiminum væri að dragast saman vegna aðgerða til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar. Flugfélagið telur of snemmt að segja til um möguleg áhrif þessarar þróunar en hún skapi aukna óvissu þegar kemur að áætlaðri rekstrarniðurstöðu félagsins fyrir árið 2020.

Afkomuspá Icelandair Group fyrir árið 2020, sem félagið gaf út á markaðinn þann 6. febrúar síðastliðinn, er því ekki lengur í gildi og telja stjórnendur félagsins ekki mögulegt að gefa út áreiðanlega afkomuspá á þessum tímamarki vegna óvissunnar. British Airways tilkynnti á mánudaginn að félagið þyrfti að hætta við 200 flugferðir, meðal annars til Ítalíu, Þýskalands og Bandaríkjanna, til að „bregðast

við minni eftirspurn í ljósi áframhaldandi vandamála vegna kórónaveirunnar“. Flugfélögin Ryanair, Lufthansa og EasyJet hafa brugðist við með álika hætti.

IATA, alþjóðasamtök flugfélaga, telja að kórónaveiran hafi valdið „verulegum samdrætti í eftirspurn“. Samtökin hafa farið fram á við yfirvöld að reglugerðir, sem valda því að flugfélög missi útlutaða afgreiðslutíma á flugvöllum ef tímarnir eru ekki 80 prósent nýttir, verði teknar úr gildi. Annars þurfi flugfélög að fljúga með tómar vélar til að halda afgreiðslutímum.

Í umfjöllun Financial Times kemur fram að hjá einu flugfélagi hafi bókanir til Ítalíu fallið niður í núll og beiðnum um endurgreiðslur fari fjölgandi. Þá hafi heildarþóttunum hjá öðru flugfélagi fækkað um 26 prósent miðað við sama tíma í fyrra. Á sumum leiðum sé staðan þannig að helmingur farþega mæti ekki í flugið.

Skammtímaávisar í ferðaþjónustu

Launþegar í ferðaþjónustu	-9%
Október 2019 m.v. október 2018	
Bílaleigubílar	-6%
Febrúar 2019 m.v. febrúar 2018	
Framboð hótelherbergja	9%
Desember 2019 m.v. desember 2018	
Nýting hótelherbergja	-2,7
Desember 2019 m.v. desember 2018	
Velta í ferðaþjónustu	-8%
September og október 2019 miðað við 2018	

Útflutningstekjur af ferðaþjónustu	-9,4%
4. ársfjórðungur 2019 m.v. 4. ársfjórðung 2018	
Umferð um hringveginn á Suðurlandi	-11%
Janúar 2019 m.v. janúar 2018	
Erlendir ferðamenn á Íslandi um Keflavíkurflugvöll	-14,7%
Þar af Bandaríkjamenn	-34,5%
Febrúar 2019 til janúar 2020 miðað við árið á undan	

Stjórnvöld þurfa nauðsynlega að lækka skattaálagur til að auka samkeppnishæfni landsins.

Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða



saman við systurhótelin úti í heimi og samanburðurinn varpi ljósi á skakka samkeppnisstöðu þegar kemur að launakostnaði.

„Ég fékk nýlega nokkrar kennitölur frá systurhótelunum til samanburðar. Okkur hefur tekist vel til varðandi ýmsan rekstrarkostnað en þegar kemur að launakostnaði sem hlutfalli af veltu munar hátt í 20 prósentustigum á okkur og systurhótelum í Svíþjóð. Þjónustufyrirtæki eru mannfrek atvinnugrein svo launahækkunir sviða. Ofan á þetta bætast svo sértækir skattar eins og gistináttaskattur, hátt tryggingagjald og brött hækkun á fasteignagjöldum,“ segir Ingibjörg.

Björn hjá Kynnisferðum segir að það sé orðið ansi dýrt að reka mannaútsprekt fyrirtæki á Íslandi.

„Ísland er dýr áfangastaður sem má fyrst og fremst rekja til launakostnaðar og verðlags. Við erum enn að berjast við þessa keðjuverkun þar sem hærri laun krefjast hærri verðlags sem aftur krefst hærri launa og svo koll af kolli. Auk þess eru launatengdu gjöldin orðin ansi há þegar það sem launþegar fá í vasann er innan við 50 prósent af launakostnaði fyrirtækja. Stjórnvöld þurfa nauðsynlega að lækka skattaálagur til að auka samkeppnishæfni landsins,“ segir Björn.

„Lykillinn að árangri í þeim rekstri sem við erum í er að ná launahlutfallinu niður og mörg fyrirtæki hafa verið að glíma við að ná hlutfallinu niður undir 50 prósent. Það er ansi erfitt að borga helminginn af tekjunum í laun og eiga síðan alla aðra kostnaðarliði eftir,“ segir Björn. Spurður hvort mörg rútufyrirtæki eigi erfitt uppdráttar svarar hann játandi og það eigi sérstaklega við um fyrirtæki sem spruttu upp á árunum 2012 til 2015.

„Við náum að hagræða í krafti stærðarinnar, til dæmis með því að samnýta betur starfsfólk milli sviða og deilda innan fyrirtækisins, en mörg smærri fyrirtæki eiga ekki kost á því,“ segir Björn. Kynnisferðir hafa til að mynda náð að endurnýja stóran hluta af bilafлотanum og nýta hann betur.

A4+

NÝR FUNDAR- & SKRIFSTOFUSTÓLL

Favor er nýr fundar- og skrifstofustóll frá EFG. Skandinavískt og ferskt yfirbragð, einstaklega þægilegur og auðveldur í notkun. Hentar vel sem skrifborðsstóll, fyrir fundarherbergi, fyrir ráðstefnusali eða í setustofuna. Tvær útgáfur með háu eða lágu baki eru í boði. Favor er gæðastóll sem þú getur skoðað og prófað í sýningarsal húsgagna í Skeifunni 17.

Komdu og skoðaðu Favor í sýningarsal húsgagna Skeifunni 17





Sheer
Driving Pleasure

NÝR BMW X3 30e PLUG-IN HYBRID.



* Drægi mýðast við uppgætnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP-áðli um drægi í raunvegulegum aðstæðum.

ENNEMM / SIA / NM98375

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Nýr BMW X3 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi er nú í fyrsta skipti fánlegur með rafhlöðu og drægi allt að 50 kílómetra samkvæmt nýjum samræmdum WLTP mælingum.* Bensín og rafmótor skila samtals 292 hestöflum og veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

BMW X3 30e. Verð frá: 7.190.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.bl.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR

4. - 8. MARS

Food & Fun

BYRJAR Í DAG!

Lenny Messina
heimsækir FjallkonunaSpennandi 6 rétta matseðill
undir áhrifum matargerðar
Mið austurlanda

Baladi eggaldin

Furuhnetur | Granatepli | Tahini
Pítubrauð

Shish Barak Nauta-dumplings

Skrýtur | Aleppo chili | Furuhnetur

Grillaður Kolkrabbi

Hvítar baunir | Chorizo | Harissa

Bleikja

Arak | Fennil | Karamelliseruð mjólk

Lambarumpsteik

Zataar kryddblanda | Mólassi
Brennt eggaldin

Halva Parfait

Ristaðar möndlur | Pressaðar döðlur

>8.900 kr.

Borðapantanir á fjallkona.is eða í síma 555 0950



Lenny Messina ...

... starfar sem yfirmatreiðslumaður á veitinga-
húsinu LOLA, sem hann rekur ásamt eiganda
staðsins Michael Ginor.LOLA á Long Island hefur hlotið fjölda verðlauna
og viðurkenninga m.a. þann mikla heiður að fá
umsögnina „excellent“ í New York Times.Staðurinn býður upp á sælkerarétti undir fjöl-
breyttum áhrifum miðjarðarhafsmatargerðar.

FJALLKONAN FAGNAR ÞÉR!

Hafnarstræti 1-3 > fjallkona.is

Mesta framlag Íslands
til loftslagsmálaÞóður
Gunnarsson,
sérfræðingur
á sviði hrávöru-
markaða og
sjálfstætt
starfandi

Í nýlegri skýrslu norrænu ráðherra-
nefndarinnar um losun gróðurhúsalofttegunda á
Norðurlöndum kom fram að losun
Íslands hefðist aukist um tæpan
þriðjung á árunum 1990 til 2017.
Töldu einhverjir þessa þróun til
marks um að Ísland væri ekki að
standa við sitt í loftslagsmálum, sér-
staklega í ljósi þess að losun hefði
dregist saman í Svíþjóð, Finnlandi
og Danmörku á sama tímabili.

Öllu minna fór fyrir ummælum
ráðherra-
nefndarinnar í sömu
skýrslu: „Losun Íslands sýnir þó
bara einn hluta flókinnar sviðs-
myndar loftslagsmála í hnattrænu
sambandi. Raunar mætti líta losun
gróðurhúsalofttegunda á Íslandi
í jákvæðara ljósi þar sem hinir
umhverfisvænu orkugjafar sem
knýja íslenskan iðnað koma í stað
mengandi orkugjafa [sem yrðu ell-
egar nýttir] annars staðar í heim-
inum.“

Ein helsta ástæðan fyrir aukinni
losun gróðurhúsalofttegunda á
Íslandi á árunum 1990 til 2017 er
stóraukin framleiðsla áls. Fram
kemur í tölum Hagstofunnar að
útflutningur áls frá Íslandi var tæp-
lega 87 þúsund tonn árið 1990, en
2017 hafði þessi tala hækkað í 888
þúsund tonn. Samkvæmt tölum frá
OECD, sem liggja til grundvallar
áður nefndri skýrslu ráðherra-
nefndarinnar, jókst losun gróður-
húsalofttegunda á Íslandi því úr
3,6 milljónum tonna í 4,75 milljónir
tonna á árunum 1990 til 2017.

En þrátt fyrir að Ísland hafi aukið
losun sína um 1,15 milljónir tonna
á þessu 17 ára tímabili, er alveg
öruggt að ef álverin við Grundar-
tanga og Reyðarfjörð hefðu ekki
orðið að raunveruleika, hefðu þau
verið byggð annars staðar þar sem
rafmagnsframleiðsla til að knýja
þau hefði að öllum líkindum meng-
að miklu meira.

Samkvæmt gögnum frá fagtima-
ritinu Aluminum Insider nemur
meðalkolefnisfótspor álframleiðslu
á heimsvísu um 11,5 tonnum af kol-



Leggist álfram-
leiðsla af eða dragist
saman á Íslandi eru yfir-
gnæfandi líkur á að hún
færist til landa þar sem
orkugjafar eru sem menga
margfalt meira.

tvísýringi fyrir hvert tonn af áli
sem framleitt er. Til samanburðar
nemur kolefnisfótspor álfram-
leiðslu Fjarðaáls við Reyðarfjörð um
1,67 tonnum á hvert framleitt tonn
af áli, að því er fram kemur í tölum
frá Sjálfbærni-
verkefni Austurlands.

Ef horft er til síðustu 10 ára þar
sem hagþölur um álútflutning frá
Íslandi liggja fyrir, nemur sparn-
aður kolefnislosunar um 90 mill-
jónum tonna, sé miðað við að áður-
nefnd kolefnislosun á hvert áltonn
sé stöðug á tímabilinu. Það er hins
vegar afar varlega áætlað vegna þess
að mestur vöxtur álframleiðslu á
síðastliðnum árum hefur verið í
Kína, þar sem kol eru meginorku-
gjafi rafmagnsframleiðslu og kol-
efnisfótsporið er herra en 11,5 tonn
á hvert tonn af áli. Á sama tíma er

árleg kolefnislosun Svíþjóðar, Finn-
lands og Danmerkur á bilinu 49 til
55 milljón tonn í hverju landi fyrir
sig.

Sé litið til Íslands eins og sér nam
sparnaður losunar álframleiðslu á
Íslandi árið 2018 um 8,6 milljónum
tonna, sem heggur nærri því að vera
tvöföld heildarlosun Íslands. Þetta
er hinn raunverulega kjarni máls
í umfjöllun norrænu ráðherra-
nefndarinnar – það verður að líta
á loftslagsmál í hnattrænu sam-
hengi. Þrátt fyrir að íslensk fram-
leiðsla standi undir litlum hluta
eftirspurnar áls á heimsvísu (riflega
1% á árinu 2018), þá tryggja hinir
umhverfisvænu orkugjafar lands-
ins að losun gróðurhúsalofttegunda
vegna álframleiðslu á heimsvísu er
átta til níu milljónum tonna minni
á ári en ella.

Til samanburðar nam losun
Íslands vegna samgangna um mill-
jón tonnum árið 2017. Þrátt fyrir að
herferðir um breytt samgöngu-
mynstur landans séu góðra gjalda
verðar og til fyrirmyndar, eru þær
hjórn eitt í hinu stóra sambandi
loftslagsmála.

Leggist álframleiðsla af eða drag-
ist saman á Íslandi eru yfirgnæfandi
líkur á að hún færist til landa og
svæða þar sem orkugjafar menga
margfalt meira, svo sem Kína (kol)
eða Persaflóa (jarðgas).

Það virðist því augljóst að mikil-
verðasta framlag Íslands til alþjóð-
legra loftslagsmála er og verður um
fyrirsjáanlega framtíð áframhald-
andi álframleiðsla á Íslandi.

Aðlögun innflytjenda

Hannes G.
Sigurðsson
aðstoðar-
framkvæmda-
stjóri Samtaka
atvinnulífsins

Staðan er sú að
næstum fjórði hver
starfsmaður á aldrinum
20-59 ára er innflytjandi
samanborið við 7% árið
2005.

Vanda verður til verka við
aðlögun innflytjenda að
íslensku samfélagi. Þeir
verða að fá sömu tækifæri og heima-
menn til menntunar og virkrar
þátttöku. Það kallar á aðgerðir, bæði
stjórnvalda og atvinnulífs.

Á síðustu fimm árum, árunum
2015-2019, fjölgaði störfum, sem
starfsfólk á aldrarsbilinu 20-59 ára
sinnti, um 22.000. Af þeim voru
Íslendingar aðeins 2.000 en inn-
flytjendur 20.000.

Á þessu tímabili fjölgaði íbúum
á aldrinum 20-59 ára einnig um
22.000. Af þeim voru Íslendingar
1.000 og innflytjendur 21.000.

Hver árgangur ungs fólks sem
kemur inn á vinnumarkaðinn er
um 4.500 manns en árgangur þeirra
sem eru á síðasta hluta starfsævinn-
ar eru um 4.000. Mismunurinn er
um 500 manns. Að teknu tilliti til
dánartíðni og miklum flutningum
Íslendinga til útlanda fjölga Íslend-
ingum ekki á vinnumarkaðnum.

Hagvöxtur krefst fleiri starfs-
manna og fjölgun innflytjenda var
óhjákvæmileg í uppsveiflu síðustu
ára. Atvinnulífidið í núverandi mynd
hvílir að stórum hluta á framleggi
þeirra.

Staðan er sú að næstum fjórði
hver starfsmaður á aldrinum 20-59
ára er innflytjandi samanborið við
7% árið 2005.

Reynslan frá tíma fjármálakrepp-
unnar sýnir að flestir innflytjendur
ílgjast hér þótt atvinnuástand
verni um hríð. Það er eins gott því
að á komandi árum verður þörf
fyrir enn fleiri innflytjendum.

Samskipti Íslendinga og innflyt-
jenda fara yfirleitt fram á ensku.
Setja þarf skýra stefnu um hvernig
hlúð verður að tungumálinu. Sam-
félagið þarf að aðstoða fjölskyldur,
sem hingað flytja í atvinnuleit, við
að festa rættur, meðal annars með
því að tryggja sem bestan aðgang
að íslenskukennslu. Styðja þarf sér-
staklega við börn innflytjenda svo
þau standi jafnfætis innfæddum.




LG

Business Solutions

Slepptu í myndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG býður upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp á ótal vegu. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave



Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED



SUPERSIGN™



NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

TÖLVU
LISTINN

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

Skotsilfur



Næstur í röðinni

Sjónir manna beinast nú æ meir að peningastefnufélag Seðlabankans eftir að seðlabankar víða um heim hófu í gær að boða aðgerðir til þess að bregðast við neikvæðum efnahagsáhrifum kórónaveirunnar. Í Bandaríkjunum, þar sem vextir voru lækkaðir um hálf prósentu-stig á sérstökum neyðarfundum peningastefnufélagar, tók Jerome Powell seðlabankastjóri sérstaklega fram að áhrifanna gætti einna mest í ferðaþjónustunni. Fjárþjóðir eru jafn háðar ferðaþjónustu og Ísland og því mætti halda að áhrifin væru hlutfallslega meiri hér en annars staðar. Aðgerða af hálfu **Ásgeirs Jónssonar** og félaga hlýtur að vera að vænta.



Ganga á sjóðinn

Núna eru rúmar tvær vikur liðnar frá því að 1.850 félagsmenn Eflingar hófu ótímabundið verkfall undir forystu **Sólveigar Önnu Jónsdóttur**. Þótt Efling sitji á digrum verkfalls-sjóðum, um 3 milljörðum, þá er ljóst að það mun ganga verulega á sjóðinn dragist verkfallið enn frekar á langinn. Ef bætur til þeirra félagsmanna sem nú eru í verkfalli nema mánaðarlega um 300 þúsundum að jafnaði, sem verður að teljast varlega áætlað, kostar verkfall eflingar um 550 milljónir króna á mánuði. Það er aðeins tímaspursmál hvenær hinir 25 þúsund félagsmenn Eflingar segja hingað og ekki lengra.



Gerðu gott mót

Stofnendur Íslenskrar orkumiðlunar, **Magnús Júlíusson** og Bjarni Ármannsson, geta gengið sáttir frá borði. Fyrirtækið velti um einum milljarði króna 2018, sem var fyrsta heila rekstrarárið, og hagnaðist um 36 milljónir króna. Nú, þremur árum eftir stofnun, hefur Festi keypt allt hlutfélag fyrirtækisins fyrir 720 milljónir en fyrir átti Festi um 15 prósent. Magnús og Bjarni áttu hvor um sig 32,5 prósent hlut í félaginu áður en Festi kom fyrst inn í félagið. Má því áætla að hvor hafi fengið andvirði um 200 milljóna króna fyrir sinn hlut.



Suðurkóresk stjórnvöld boða örvunaraðgerðir



Suðurkóreskir hermenn úða sóttþreinsunarefni á lestarstöðinni í Daegu en þar í borg hefur kórónaveiran verið einkar skæð. Stjórnvöld í Suður-Kóreu, en yfir fjögur þúsund tilfelli hafa verið greind í landinu, boðuðu um helgina aðgerðir til þess að örva hagkerfið sem hefur orðið fyrir miklu höggi síðustu vikur. Fjölmörgum verksmiðjum, meðal annars á vegum Samsung, eins stærsta fyrirtækis landsins, hefur verið lokað. MYND/AFP

Eftirlit í breyttum heimi



Valur Þráinsson aðalhaf-fræðingur Samkeppnis-eftirlitsins

Á síðastliðnum miss-erum hafa komið fram auknar kröfur frá stjórn mála- og atvinnulífi, hérlendis og erlendis, um að samkeppnisyfirlit þurfi að skilja betur virkni stafræna markaða og bregðast tímanlega við finnst þar samkeppnisvandamál. Hér á landi birtist umræðan meðal annars í kröfum um breytta nálgun við framkvæmd samkeppnislaga til að gera íslenskum fyrirtækjum kleift að bregðast við aukinni erlendri samkeppni.

Það er skiljanlegt að þessi mál séu í deiglu enda hafa umsvif stórra tæknifyrirtækja aukist umtalsvert. Sem dæmi má nefna að samanlögð velta Google, Amazon, Facebook og Apple hefur sexfaldast á milli árána 2010 og 2019 en þessi fyrirtæki hafa verið umsvifamikil í uppkaupum á

öðrum fyrirtækjum. Þannig hefur Google keypt að meðaltali rúmlega eitt fyrirtæki á mánuði frá aldamótum.

Við úrlausn á þessum álitafnum býr Ísland að því að vera hluti af Evrópska efnahagssvæðinu en samkeppnisreglur og beiting þeirra er í öllum meginatriðum hin sama auk þess sem Samkeppniseftirlitið tekur þátt í samstarfi á þeim vettvangi. Þannig nýtur íslenskur almenn- ingur og atvinnufyrirtæki á ýmsan hátt aðgerða stærri eftirlitsstofnana í Evrópu.

Vinna samkeppnisyfirlalda Samkeppnisyfirlit í Evrópu hafa á síðustu árum aðhafst töluvert á mörkuðum þar sem tæknifyrirtæki starfa. Þannig hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sektað Google þrisvar um samtals 140 milljarða íslenskra króna á undanförunum þremur árum fyrir samkeppnislaga- brot.

Einnig hafa fjölmörg samkeppnis- yfirlit ráðist í rannsóknir og greiningar á stafrænum mörkuðum sem Samkeppniseftirlitið getur byggt á í sínu starfi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, þýsk, bresk, frönsk og ítölsk samkeppniseftirlit hafa til dæmis staðið að greiningum

á þessu sviði. Hinu sama gegnir um bandarísk, kanadísk og áströlsk samkeppnisyfirlit. Um þessar mundir tekur Samkeppniseftirlitið þátt í samstarfi norrænna samkeppnisyfirlalda sem miðar að sameiginlegum áherslum á þessu sviði.

Helstu niðurstöður

Í þeim skýrslum sem birtar hafa verið er að finna ákveðinn samhlóm. Þannig er áhersla á að tæknifyrirtækin og að þeir markaðir sem þau starfa á hafi almennt haft jákvæð áhrif á neytendur og framleiðni og stjórnvöld þurfi að gæta að því í stefnumörkun sinni. Einnig er bent á að markaðir sem netfyrirtæki starfa á séu oft á tíðum óhefðbundnir þar sem þeir einkennast af miklu netáhrifum, skala- og breiddar- hagkvæmni, mikilli nýsköpun, auk þess sem verð fyrir þjónustu sem notendur nýta sér er oft á tíðum ekki til staðar. Skapar fyrrgreint umtals- verðar áskoranir fyrir samkeppnis- yfirlit.

Styrking samkeppnisreglna

Í mörgum framangreindra skýrslu- eru settar fram tillögur um styrkingu samkeppnisreglna. Í fyrsta lagi kemur til álita að snúa sönnunar- byrði við í málum sem varða fyrir-

tæki í mjög sterkri stöðu. Þau þurfi því að réttlæta háttsemi sína í stað þess að samkeppnisyfirlit þurfi að sanna skaðlegu áhrifin. Í öðru lagi að í samrunarannsóknum verði lögð aukin áhersla á að skoða hvort viðkomandi tæknifyrirtæki séu að kaupa upp mögulegan keppinaut. Og í þriðja lagi að tryggja að samrunar sem falla undir veltumörk séu tilkynntir til samkeppnisyfirlalda.

Á meðal aðildarríkja Evrópusambandsins er einnig til umræðu og skoðunar að styrkja heimildir samkeppnisyfirlalda til þess að efla virkni markaða án þess að fyrirtæki hafi brotið samkeppnislög. Er það í takt við niðurstöðu sérfræðinga- hóps Alþjóðlegu efnahagsstofnun- arinnar í Davos frá því í desember sl. en þar var bent á að þess konar heimildir gætu verið ómetanlegar og nauðsynlegar til þess að bregðast við vandamálum á mörkuðum sem snerta þá í heild sinni og stafa ekki af brotum á samkeppnislögum. Á Íslandi hefur slík heimild verið til staðar frá árinu 2011 og í Bretlandi frá árinu 2001. Í frumvarpi til breyt- inga á samkeppnislögum sem kynnt var síðastliðið haust var lagt til að sú heimild yrði lögð niður. Gengur það þvert á þá umræðu sem nú fer fram í löndunum í kringum okkur.

Peningasendingar frá hálaunalandinu

RÁÐDEILDIN


Konráð Guðjónsson hagfræðingur Viðskiptaráðs



Hér var nýlega fjallað um þá jákvæðu þróun sem hefur orðið með mikilli fjölgun innflytjenda síðustu ár. Slíkar samfélagsbreytingar hafa ýmsar stórar sem smáar afleiðingar.

Ein afleiðingin er stökkbreyting peningasendinga milli einstaklinga yfir landamæri (e. remittances). Á alþjóðavísu eru þær að mestu raktar

Peningasendingar yfir landamæri og laun Milljarðar króna og vísitala launa*



Peningasendingar frá Íslandi hafa 9-faldast á aðeins tæpum áratug.

til peningasendinga innflytjenda í háteknifyrirtækjum, líkt og Íslandi, til milli- og lægtekjuríkja og nema um 0,8 prósentum af heimsframleiðslu.

Á Íslandi hafa þessar greiðslur 9-faldast á tæpum áratug og námu rétt tæpum 33 milljörðum króna í fyrra, sem jafngildir rúmlega 800

þúsund krónum á hvern erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði. Aukninguna virðist annars vegar mega rekja til losunar fjármagnshafta árin 2016 og 2017 en hins vegar til 83 prósentu hækkunar launa og þreföldunar á fjölda erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði frá árinu 2010.

Áréttað skal að enginn þarf að óttast að þessar peningasendingar setji krónuna á hliðina. Í fyrsta lagi eru þessar fjárhæðir ekki ráðandi afl í nærri 3.000 milljarða króna hagkerfi (VLF). Í öðru lagi er þessi sami hópur beint og óbeint mikilvægur hlekkur í útflutningsgreinum sem stuðla að viðskiptaafgangi við útlönd.



Rað.nr. 445890

SSANGYONG REXTON DLX

Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 34.000 km.

Verð: 4.990.000 kr.



Rað.nr. 590550

HYUNDAI I30

Nýskráður: 2012 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 136.000 km.

Verð: 990.000 kr.



Rað.nr. 445530

OPEL AMPERA

Nýskráður: 2012 / Rafmagn
Sjálfskiptur / Ekinn: 40.000 km.

Verð: 1.990.000 kr.



Rað.nr. 590535

VW UP!

Nýskráður: 2014 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 73.000 km.

Verð: 650.000 kr.



Rað.nr. 446068

TOYOTA COROLLA ACTIVE

Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 57.000 km.
Verð: 3.190.000 kr.

Tilboð: 2.590.000 kr.



Gott úrval notaðra bíla

Flottir bílar - frábær kjör!



Rað.nr. 590581

SSANGYONG TIVOLI DLX

Nýskráður: 2018 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 41.000 km.

Verð: 2.490.000 kr.



Rað.nr. 445831

SSANGYONG KORANDO HLX

Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.

Verð: 3.790.000 kr.



Rað.nr. 590463

RENAULT MEGANE SCENIC DCI

Nýskráður: 2012 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 77.000 km.

Verð: 1.190.000 kr.



Rað.nr. 446064

RENAULT CAPTUR DYNAMIC

Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 34.000 km.

Verð: 2.190.000 kr.



Rað.nr. 720138

OPEL INSIGNIA ST COSMO

Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.

Verð: 3.290.000 kr.



Rað.nr. 445782

OPEL CROSSLAND X INNOVATION

Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 46.000 km.

Verð: 3.390.000 kr.



Rað.nr. 590542

OPEL ASTRA NOTCHBACK

Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 96.000 km.

Verð: 1.190.000 kr.



Rað.nr. 590599

OPEL ASTRA ENJOY

Nýskráður: 2016 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 69.000 km.

Verð: 2.190.000 kr.



Rað.nr. 446116

MAZDA 6

Nýskráður: 2008 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 179.000 km.

Verð: 690.000 kr.



Rað.nr. 446066

KIA NIRO LUXURY PLUG IN

Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 19.000 km.

Verð: 3.990.000 kr.



Rað.nr. 112811

JAGUAR E-PACE

Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 32.000 km.

Verð: 6.490.000 kr.



Rað.nr. 590507

CITROEN C4 CATUS FEEL

Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 7.000 km.

Verð: 2.790.000 kr.



Rað.nr. 446055

CHEVROLET SPARK LT

Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 91.000 km.
Verð: 1.090.000 kr.

Tilboð: 890.000 kr.



Rað.nr. 590455

CHEVROLET CRUZE LT

Nýskráður: 2014 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 184.000 km.

Verð: 950.000 kr.



Rað.nr. 590531

CHEVROLET CAPTIVA LTZ

Nýskráður: 2014 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 155.000 km.

Verð: 1.990.000 kr.



Smeltu á
notadir.benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Árið hefur farið ótrúlega vel af stað

Svipmynd

Anna Sara Hrefnudóttir

Nám

■ Ég lauk stúdentsprófi í fatahönnun frá Fjölbautaskólunum í Breiðholti. Þaðan flutti ég til Los Angeles og lærði gervahönnun.

Störf

■ Framkvæmdastjóri Wake Up Reykjavík.

Anna Sara Hrefnudóttir tók nýlega við sem framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Wake Up Reykjavík en fyrirtækið sérhæfir sig í því að bjóða ferðamönnum upp á matartúra og að upplifa íslenskt næturlíf.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Dagurinn byrjar alltaf á Wake Up, ég byrja á því að renna yfir email dagsins og undirbúa mig þannig fyrir daginn. Mér þykir alltaf best að vera með mikla yfirsýn á öllu því sem ég tek mér fyrir hendur. Svo er það morgunrúttin, hreyfing, hafragrautur og mætt í vinnuna klukkan níu.

Hvernig finnst þér best að verja frítíma þínum?

Ásamt því að vinna hjá Wake Up er ég líka sminka í Borgarleikhúsinu. Mestum frítíma mínum er varið þar en þegar maður er svona lánsamur að starfa við áhugamálið sitt þá er varla hægt að líta á það sem vinnu. Mér finnst alveg ótrúlega gaman að ferðast innanlands og geri það mikið, þetta fallega land okkar kemur stöðugt á óvart. Eins reyni ég að vera dugleg að fara á tónleika, leikrit og aðrar upptökur.

Hvernig hefur árið farið af stað hjá Wake Up Reykjavík?

Árið fer ótrúlega vel af stað, betur en við þorðum að vona ef ég á að segja eins og er. Það er mikið talað um fækkun ferðamanna á Íslandi en okkur hefur aldrei gengið eins vel. Reksturinn hefur alltaf verið sterkur og farið stækkandi á hverju ári frá upphafi. Akkúrat núna er verið að gefa í af öllum krafti við betrubætur á öllum þáttum fyrirtækisins og stefnir árið í stærsta og besta rekstrarár í sögu félagsins, í bæði fjölda gesta og sölu.

Hvaða rekstrarlegu áskoranir eru



Ásamt því að vinna hjá Wake Up Reykjavík er Anna Sara sminka í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

● Núna er verið að gefa í af öllum krafti við betrubætur á öllum þáttum fyrirtækisins og það stefnir í stærsta og besta rekstrarár í sögu félagsins.

fram undan hjá Wake Up Reykjavík?

Stækkun fyrirtækisins er klárlega efst í okkar huga um þessar mundir. Við erum með margar stórar hugmyndir og verkefni sem þarf að tækla. Við erum með skýr markmið og það verður spennandi að takast á við þær áskoranir sem bíða okkar.

Eru tækifæri fram undan þrátt fyrir breytt rekstrarskilyrði í ferðaþjónustu?

Það er ekki spurning. Þrátt fyrir góðan rekstur leynist mikið af tækifærum alls staðar til stækkunar. Í dag erum við að leggja lokahönd á nýrri, betri og hraðari heimasíðu sem fer í loftið fljótlega. Einnig erum við að auka framleiðslu á myndefni töluvert og huga að nýjum ferðum/túrum fyrir Wake Up Reykjavík.

Hvert er stefnan sett? Hvert viltu fara með fyrirtækið?

Stefnan er sett eins hátt og hægt er, ég sé frábæra hluti í framtíð Wake Up Reykjavík og ég er rosalega þakklát Agli og Daniel, eigendum Wake Up Reykjavík, fyrir það traust og tækifæri sem fylgja þessari stöðu. Wake Up Reykjavík samanstendur af virkilega vönduðum einstaklingum sem hafa það sameiginlega markmið að skara fram úr. Þetta teymi sem við höfum er einstakt og sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu að Wake Up Reykjavík muni verða eitt af þekktari nöfnum ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi.

Hvar séðu þig eftir tíu ár?

Vonandi á sama stað og ég er núna, í frábærri vinnu að gera það sem ég elska. Það er ekki hægt að bíða um mikið meira.

Lyfjarisar leita til Controlant í kjölfar útbreiðslu kórónaveirunnar

Stórfyrirtæki í lyfjaiðnaðinum hafa að fyrri bragði haft samband við Controlant á síðustu vikum til að óska eftir vöktunarláusnum íslenska fyrirtækisins. Kórónafaraldurinn hefur aukið vitund um mikilvægi þess að hafa góða sýn yfir virðiskeðjunum. Þetta segir Guðmundur Arnason, fjármálastjóri Controlant, í samtali við Markaðinn.

